

ÁRBÓK

HINS

ÍSLENZKA FORNLEIFAFÉLAGS

1899.



REYKJAVÍK

PRENTUÐ Í ÍSAFOLDARPRENTSMÍÐJU

1899.



ÁRBÓK

HINS

ÍSLENZKA FORNLEIFAFÉLAGS

1899.



REYKJAVÍK

PRENTUÐ Í ÍSAFOLDARPRENTSMÍÐJU

1899.



## Efnisyfirlit.

---

Rannsókn sögustaða í Grafningi í maímán 1898. Eftir Brynjúlf Jónsson. (Grímkelsstaðir bls. 1. Steinrauðarstaðir bls. 3.) . . . . .	Bls. 1—5.
Rannsóknir í Barðastrandarsýslu sumarið 1898. Eftir Brynjúlf Jónsson. (Viðaukar bls. 13—17. Legsteinar bls 17—18). . . . .	— 6—18.
Smávegis. II. Rúnasteinar. Eftir Björn Magnússon Olsen.	— 19—28.
Yfirlit yfir muni selda og gefna Forngripasafni Íslands árið 1898 . . . . .	— 29—32.
Um myndir af gripum í Forngripasafninu. Eftir Jón Jakobsson . . . . .	— 33—38.
Athugasemd um árbók Fornleifafélagsins 1898. Eftir Brynjúlf Jónsson . . . . .	— 38—39.
Skýrsla. (Aðalfundur félagsins bls. 40. Stjórnendur félagsins bls. 40. Reikningur 1898 bls. 41. Félagatal bls. 42—44) . . . . .	— 40—44.

---



# Rannsókn

sögustaða í Grafningi í maímán. 1898.

Eftir

Brynjúlf Jónsson.

## I. *Grimkelsstaðir.*

Svo segir í Harðarsögu, kap. 2.: »Grimkell bjó fyrst suður at Fjöllum skamt frá Ölfusvatni. Þar er nú kallað á Grimkelsstöðum ok eru nú sauðahús. . . . Hann færði bú sitt . . . til Ölfusvatns, því at honum þótti þar betri landskostir«. Í fljótu bragði virðist sem orðin: »ok eru nú sauðahús«, bendi til þess, að bæjartóft Grimkelsstaða sé eigi frammar til, heldur hafi sauðahús verið byggð ofan á hana, svo þar sé eigi um annað að ræða en fjárhús eða fjárhústóftir. Því að þrátt fyrir það, að á þeim tíma sem sögurnar voru ritaðar og lengi eftir það var eigi venja á Suðurlandi að hýsa sauði, þá má þó telja vist, að í Grafningi hafi það verið gjört fyr en annarstaðar, vegna vetrarríkis. En raunar þurfa orðin: »þar . . . eru nú sauðahús«, eigi beinlínis að þýða það, að sauðahús stæði í rústunum, þau gátu staðið *hjá* þeim, eða *svo nærri* að þannig mætti að orði kveða. Og þetta hefir verið tilfellið. *Rúst Grimkelsstaða er enn til.* Það eru 3 stórar fornrustir á sléttum völlum fyrir norðan og neðan túnið í *Króki* í Grafningi og heita þær *Grimkelstöftir*. Syðsta tóftin er 18 al. löng og nál. 9 al. breið; dyr í suðausturenda. Hún sýnist eigi skift í sundur. Það má hafa verið útibúr. Miðtóftin er bæjartóftin; hún er nál. 30 al. löng og 11 al. breið. Dyr er ekki hægt að ákveða. Miðgaflar sýnast að hata verið tveir í henni,

þó er hinn nyrðri óglöggur, og er sem þar gangi smákofatóft inn í vegginn og snúi dyrum í norðaustur, þó verður það eigi fullyrt, og er mögulegt að vatn og klaki hafi myndað þessa tóftarlíkingu, hún er svo óglögg. Nyrzta tóftin hefir að norðan viðan ferhyrning, um 16×18 al., og er það án efa heygardurinn; en að sunnanverðu, þar sem fjóstóftin má hafa verið, er nú stekkjartóft, nær 18 al. löng og er hún nýlegri en rústirnar sjálfar, og þó *ekki mjög* nýleg. Hún snýr dyrum til suðausturs, eins og fjósið mun hafa gjört. Fyrir aftan gaf hennar sér nál. 8. al langan part af hinni fornu rúst, og er það líklega innri hluti fjóssins. Eigi er samt unt að ákveða lengd þess, því óvíst er að dyr þess hafi tekið jafnlangt fram og dyr stekkjartóftarinnar nú. Fyrir fleiri smátóftum vottar þar, en þær eru svo niðursokknar, að þeim verður eigi lýst. Aðaltóftirnar, sem nú var lýst, eru einnig mjög niðursokknar og úr lagi gengnar, þó þær séu nokkru glöggvastar. Lækur rennur ofan hjá rústunum, og hefir hann myndað vellina sem þær eru á, og enn ber hann oft aur yfir þá. Þess vegna hafa sauðahúsin, sem sagan nefnir, eigi verið sett þar. Þau hafa að líkindum verið sett lítið eitt sunnar og ofar, og bærinn *Krókur* svo verið gjörður úr þeim síðar. En meðan þar var eigi bær, hefir þetta pláss, sem er dalmyndað fengið nafnið »Krókur«, og því hefir bærinn verið nefndur svo, en eigi Grímkelsstaðir, sem réttast hefði þó verið, því raunar er það sami bær, færður úr stað um túnsbreidd að eins. Vel á það við að segja. að Grímkell byggi »suður at Fjöllum«, er hann bjó þar, því hinn dalmyndaði »krókur« gengur suður í fjöllin. *Krókur* er í *Ölfusvatnslandi*, en þó svo langt þaðan, að eigi gat Grímkell vel notað land það er Ölfusvatn notar nú, utan að flytja þangað búferlum. Var það og fýsilegt, því þar er vetrarriki minna og skemra til veiða í vatninu. Ef til vill hefir og ágangur lækjarins hvatt hann til þess að flytja bú sitt. En spyrja má, hvi hann settist eigi strax að Ölfusvatni? Líklega hefir þar verið bær áður, og honum hefir Grímkell síðar náð undir sig, og þá fært bú sitt þangað.

Eitt af fjárhúsum þeim, er standa í túninu á Ölfusvatni, er kallað *hofhús*. Þar á hofið Grímkels að hafa staðið, og er sem upphækkun undir húsinu. *Grímkelsgerði* heitir forn girðing þar austur á túninu, hér um bil 1 dagsláttu að stærð. Suðvestast í henni er sýnt *leiði Grímkels*. Það er þúfa mikil, nær 5 fðm. löng og nær 1 fðm. á breidd við suðurendann, en mjó í norðurendann, og um 2 al. á hæð. Hvort grjót er þar í var ekki hægt



að kanna fyrir klaka, er eg var þar í vor í maímánuði á rannsóknarferð.

*Bollasteinn* er á hlaðinu á Ölfusvatni. Hann er úr »doleríti«, og er rúml. 1 al. á hæð, 3 kvart. í þvermál á annan veg en 2½ kv. á hinn. Bollinn nær 9 þuml. á vídd og 5 þuml. á dýpt. Hann er auðsjáanlega mannaverk.

## II. *Steinraugarstaðir* (?)

Svo segir í Landn. V. 13. »Hann (Steinröðr) eignaðist öll Vatnslönd, ok bjó á Steinraugarstöðum«. Nafnið *Steinröðarstaðir* er nú týnt, og vant að gizka á, hvar bærinn hefir verið. Það eitt er víst, að hann hefir staðið við vatnið, því kringum það nam Steinröður land. Liggur nærri að hugsa, að það sé hann, sem nú ber nafnið *Þingvellir*, og hafi þar strax verið aðalbærinn við vatnið. Það mun þó ekki hafa verið, því af Islandingabók má ráða, að áður en alþingi var sett, hafi bærinn *Þingvellir* heitið: í *Bláskógum*. Og þar sem Landn. segir að Hrolleifr »nam lönd til móts við Steinröð öll fyrir utan Laxá.....ok bjó í Heiðarbæ«, þá virðist það benda til að Steinröðarstaðir hafi verið sama megin við vatnið sem Heiðarbær, eða vestan við það. Á því svæði mundi því helzt að leita rústa Steinröðarstada. Og fornar rústir eru þar á 3 stöðum, í Nesjalandi:


1. *Vatnsbrekka* heitir fögur brekka við vatnið í útnorður frá Nesjum. Hún liggur suðaustan í aflöngum ás, sem þar er langs með fjallshlíðinni. Milli ássins og hlíðarinnar er dalmynd að undirlendi, er heitir *Nesjakleif*; breikkar það til suðurs, en mjókkar til norðurs unz það þrýtur og verður að einstigi. Er þar gata frá Nesjum til Heiðarbæjar. Vatnsbrekka snýr eigi að Kleyfinni heldur að vatninu. Hún er skógi vaxin ofan til, og kvað öll hafa verið skógi þakin fyrir eigi allöngu. En nú er talsvert af henni notað til slægna. Hún nemur góðri túnstærð að víðáttu. Syðst er nyrðri brún hennar við vatnið nokkuð há, en lækkar austur með því. Þar eru *rústir* skamt upp frá vatninu. Vestast er mesta tóftin, nál. 10 fðm. löng og nær 4 fðm. breið út fyrir vegg. Miðgafi virðist hafa verið um 4 al. frá

vesturenda. Þar litlu austar er líkast að dyr hafi verið á suðurhlíðvegg, þó verður það eigi ákveðið. Og öll er tóftin svo fornleg og niðursokkin, að gætni þart til að átta sig á henni. Þó virðist auðsætt, að það sé bæjartóft. Við austur enda hennar er önnur tóft, lítil og full af grjóti. Þá er hin þriðja austast og er sú glöggust og nýlegri en hinar. Gæti það verið fjárhústóft, er síðar hefði verið sett t. a. m. í fjóstóftina. Þar austan við vottar fyrir leifum af tóft, ef til vill heystæði, og má vera að úr henni hafi verið tekið efni í fjárhússveggina, — því ekki hefir fjárhúsið verið sett þar fyr en bærinn var aflagður, er virðist hafa verið allsnemma. Bak við rústirnar liggur djúp laut er litur út fyrir að hafa verið *ræsi*, til að verja húsin fyrir vatnsuppgangi undan brekkunni. Litlu ofar er girðing, aflangt kringlótt, nál.  $5 \times 6$  föm. innanmáls. Þar á sjást engar dyr, því hefir það varla verið *gjafahringur* («gaddur»), og tilheyrt fjárhúsinu, en líklega að það hafi verið akur eða hvanngarður, og tilheyrt bænum. Skyldi eg nokkurs geta til um *Steinröðarstaði*, þá þætti mér líklegast, að þeir hefði verið hér. Vatnsbrekka er *feqursti staðurinn sem til er við vatnið*, og þar er hægt til skógarhöggs, útbeitar og veiðiskapar, svo að eigi mundi annarstaðar betra.

2. *Setbergsbalar* heita uppi undir hlíðinni, þar sem undirlendið er farið að breikka, og eru kenndir við klett einn í hlíðinni þar upp undan, er Setberg heitir. Djúp og mjó laut er milli balanna og hlíðarinnar, og einnig er lægð niður frá bölunum bakvið ásinn, sem Vatnsbrekka er hinum megin í. Á Setbergsbólum eru allmiklar rústir og misgamlar. Hin vestasta er miklu nýlegust, og skal eg láta ósagt, hvort það hefir verið *kot* eða *sel*, tel hið fyrra þó líklega. Hún er 8 föm. löng og 4 föm. breið um miðju. Dyr eru á miðri suðausturhlíð, og þar fyrir innan 2 tóftir, sín til hvorrar handar og hin þriðja beint innúr. Vestast er sérstök tóft, opin mót vestri. Sérstök tóft gengur og suður úr norðausturendanum, líklega fjárrétt. Litlu austar er sú rústin sem fornust sýnist. Hún sést ógjörla nema vel sé að gáð. Hún virðist vera skift í 3 tóftir, og er hin vestasta stutt og breið og eins hin austasta, en miðtóftin löng og mjó. Dyr virðast hafa verið á vesturenda. Enn litlu austar er hin þriðja rúst, lítið glöggvari, 6 föm. löng og 4 föm. breið, með dyr í suðausturhorni og afhlaðna innitóft í norðausturhorni. Fleiri rústir óglöggar, eru þar. Þessi staður er eigi lengra frá Vatnsbrekku en svo, að ganga má á 10 mínútum, og næstum þar uppundan, en örskamt

milli vatns og fjalls. Þykir mér því fremur ólíklegt, að hér sé um tvær aðskildar jarðir að ræða, heldur sé alt sama jörðin, *Steinröðarstaðir*; hafi þar snemma verið tvíbýli og annar bærinn settur uppi á Setbergsbölum. Sá er þar bjó hafi síðar lagt Vatnsbrekkubæinn undir sig og sett þar fjárhús, en byggð haldist lengi á Setbergsbölum, þar til skriða má hafa tekið af vatnsbólíð, sem líklega hefir verið í hinni djúpu laut. Nú er hvergi vatnsból hjá Setbergsbölum.

3. *Kleyfardalur* heitir suðvestur með hliðinni, lítill dalur og þó fagur, en hrikalegt í kring. Þar eru tvær rústir allglöggvar. Önnur bæjartóft (eða seltóft), 9 fðm. löng, tvískift og eru engar dyr á milliveggnum, en útidyr úr báðum tóftum á suður hliðvegg. Hin, fjóstóft (eða kvíatóft?), 8 fðm. löng og 2½ fðm. breið, hefir dyr út úr suðvesturhorni. Við efri enda hennar var sem sæi á tóftarbrún, sem gæti verið hlöðutóft. En þar um get eg þó ekkert sagt, því fönn lá þar yfir, svo eigi sást hvort hér er tóft eða ekki. Hafi hér verið býli, þá hefi það verið hjáleiga frá Steinröðarstöðum(?) og síðar orðið, ásamt þeim, hjáleiga frá Nesjum.



# Rannsókn

í Barðastrandarsýslu sumarið 1898.

Eftir

Brynjúlf Jónsson.

---

Sumarið 1898 sendi fornleifafélagið mig vestur í Barðastrandarsýslu, til þess, ásamt Capt. Daniel Bruun, að rannsaka dysjar í Berufirði, og mun hann skýra frá þeirri rannsókn. Þó skal eg geta þess, að dysjarnar eru eigi færri en 16, geta verið fleiri óglöggvar, og eru þær á fjórum stöðum við fjarðarbotninn. Grófum við út margar þeirra; en sumar höfðu verið útgrafnar í fyrra af Snæbirni bónda í Hergilsey og Stefáni bónda í Berufirði. Í einni þeirra fundust leifar af mannsbeinum og leifar af axarblaði, í annari leifar af hestbeinum, í hinni þriðju glertala. Í hinum var ekkert að finna. Hygg eg þær hafi verið útgrafnar áður, fyrir löngu. Er og óvíst, að fé hafi verið lagt í þær allar, eða nokkuð annað en líkin ein. Án efa eru dysjar þessar frá heiðni; en engin saga getur þess, hvaða menn hér voru jarðsettir. Merkilegast er, að hestjaxlarnir, sem þar fundust, eru miklu stærri en jaxlar vorra hesta. Benda og kjaftmél og skeifur í forngripasafninu til þess, að hestar fornanna hafi verið stærri en hestar eru nú hér á landi.

Um leið rannsakaði eg sögustaði í austurhluta Barðastrandarsýslu. Þar á meðal er *Þorskafjarðar þingstaður* og svo ýmsir staðir sem getið er í *Landnámu*, *Gull-Þóris sögu*, *Grettissögu* og *Fóstbræðrasögu*.

*Þorskafjarðar þingstaður* hefir verið við botn Þorskafjarðar, suðaustanmegin, og hefir hann mestallur staðið á aurlandi því,

sem Músará hefir myndað þar. Sú á rennur í austanverðan fjarðarbotninn, en Þorskafjarðará í hann vestanverðan, og hafa þær báðar myndað þar mikið aurland («delta») og miklar grynningar út eftir firðinum. Í fornöld hefir Músará runnið vestur um aurlandið nálægt Þorskafjarðará eða jafnvel saman við hana, en austurhluti aurlandsins hefir þá verið fögur grassléttu. Á þeirri grassléttu hefir þingstaðurinn verið, nema fáeinar búdir, sem staðið hafa við rætur fjalls þess, sem strax tekur þar við sunnarmegin. Á seinni árum hefir Músará kastað sér suðurávið, og rennur nú í mörgum kvíslum um þingstaðinn. Hefir hún eyðilagt hann svo, að eigi sér eftir nema brot af fáeinum tóftum. Á þessari öld voru þar líka hlaðnar tvær nýjar búðartóftir handa »Kollabúðafundum«, og voru þær settar ofan á fornar rústir, sem því eru eigi lengur til. Á neðsta þrepi fjallsrótanna, sunnarmegin við aurlandið og fjarðarbotninn, þóttist eg sjá búðarrústir á fjórum stöðum: Hin insta er litlu utar en á móts við hinar nýju tóftir. Það er ein búðartóft, 7—8 fðm. löng. Þar litlu hærra virtist mér votta fyrir eins og hringmyndun, þó er hún eigi svo glögg, að sjá megi með vissu hvort það er manna- verk. Nokkru utar er önnur tóft, víðlíka stór, og snýr nær til útnórðurs. Vestan við hana rennur lækur ofan, og þar litlu vestar vottar fyrir tveim rústum, og virtust mér þar vera tvær tóftir á hvorum stað, en mjög svo óglöggvar. Þetta er alt og sumt sem eftir er af þingstaðnum. — Capt. D. Br. lét málara sinn, listamanninn J. Klein, taka mynd af staðnum, og mun hún á sínum tíma koma í Árbók fornleifafélagsins.

*Landnáma* getur eigi atburða, er gerzt hafi á þessu svæði, utan það er grenitréd mikla rak hjá Hallsteini goða. *Grenitrésnes* heitir enn við mynni Þorskafjarðar, skamt frá Hallsteinsnesi. Eru þar sýndir klettur þeir, sem tréd á að hafa verið lagt upp á, líklega til sögunar. Godahof Hallsteins er sagt að staðið hafi í *Godahvammi*, skamt austur frá túninu. Er þar þúfnabard allmiklið hrísi vaxið, og er eigi hægt að sjá skil á tóftinni. »Haugur« Hallsteins er sýndur niður í túni á Hallsteinsnesi, en það er raunar klapparbali með jarðvegi á. — *Geirastaðir*, sem Landn. nefnir, bera nú eigi það nafn. En eigi er um að villast, að það er sami bær og *Ingunnarstaðir*. Þar bjó á söguöldinni *Ingunn* ekkja *Glúms Geirasonar*, hefir bæjarnafninu þá verið breytt og kent við hana. Eigi þekkist nú heldur nafnið *Þorgilsstaðir* í Djúpafrði. Geta má til, að það sé sami bær og *Miðhús*. Sú

jörð átti land beggja vegna út með fjarðarbotninum, og kann það að benda til þess, að hún hafi verið landnámsjörð.

*Gull Þóris saga* eða *Þorskfirðingasaga* fór öll fram á þessu svæði, að því er hún gjörðist hér á landi. Koma örnefni mjög vel heim við hana víðast hvar. Þó hafa sum þeirra breyzt, og skal nú taka fram það, er eg hefi fundið athugavert í því efni: Bærinn *Uppsálmir* í *Þorskafjarðarskógum*, þar sem Oddur bjó, faðir Þóris, heitir nú í *Skógum*, en nafnið *Uppsálmir* er eigi viðhaft. Í túninu í Skógum er sýndur bautasteinn Odds. En þó virðist steinninn fastur í klöpp. Bærinn Breiðbólsstaður, eða Gröf á Reykjanesi (sjá kap. 6), er nú eigi til með því nafni. En líkleg tilgáta er, að það sé einmitt *Staður*. Það er endingin af nafninu Breiðabólsstaður, og þar, en hvergi annarstaðar á nesinu, gat átt við eftir landslagi að kalla »Gröf«. Afstaðan kemur og vel heim við söguna. En um Breiðabólstað á Skógarströnd getur þar eigi með nokkru móti verið að ræða. Bærinn *Naðrsdalur* (sjá k. 1.), er nú í eyði, en dalurinn er alment nefndur *Naðdalur*. Þar er allmikið af seljatóftum, og eru sumar þeirra ef til vill settar ofan á bæjarrústina. Sjást eigi glögg skil á henni. Sama er að segja um *Askmannsstaði* (k. 7.). Sá bær hefir verið þar sem nú heitir Seljadalur milli Skóga og Kinnarstaða; en bæjarrústið verður eigi aðgreind frá seltóftum, og munu sumar þeirra settar ofan á hana. *Hesttangi*, þar sem Kinnskær kom á land« (k. 17.) heitir nú *Hesthólmi*, því hann er nú umflotinn um flóð. Hann er í fjörunni niður frá Kinnarstöðum; verður að skilja söguna svo, að Þórir hafi komið austan yfir fjörð, en hesturinn synt austur yfir aftur, er hann »ærdist« í fjörbrötonum. Hitt er auðsætt, að fyrirsátið og bardaginn var fyrir vestan fjörð, nær niður frá Hjöllum: Þórir elti Helga út til *Kálfár*, — sú á heitir nú *Hjallad*, — og drap hann hjá *Helgasteini*. *Helgasteinn* heitir enn stór steinn í fjörunni eigi langt frá ósi Hjallaár. Upp með Hjallaá eru gljúfur mikil: þar hafa heitið *Kálfargljúfur* (k. 14.), meðan áin hét Kálfá. Þar uppi í hálsinum, í daldrögum upp frá ánni heitir *Frakkamýri* og *Bláglækur* (s. st); hann er nú oft nefndur *Bleikslækur*. — Örnefnið *Tröllagata* (k. 13.) milli Skóga og Kinnarstaða er nú eigi lengur tíðkað, en menn vita hvar það var. Örnefnið *Ketilbjarnarhlaup* (k. 18.), er nú týnt. En í ánni er á einum stað milli *Munadstungu* og *Naðrsdals* dálítil flúð, eigi ólík því er sagan lýsir Ketilbjarnarhlaupi. Hefir Ketilbjörn þá ætlað að leita til Naðrsdals og vænt þar mannhjálpar, og má það líklegt telja. En þá er það orðvilla í sögunni er hún segir að

Ketilbjörn hlypi út frá bænum«. Hann hefir hlaupið inn frá bænum. Út frá bænum Tungu rennur áin á eyrum, og er þar hvergi um »hlaup« að ræða. Geta verður þess, þó það komi ekki sögunni við, að þá er spurt er um *Ketilbjarnarhlaup*, vísa menn á svonefndan *Ketilbjarnarstíg*. Það er klettur á dálitlum hól inn með ánni að vestanverðu, og er hann að því leyti einkennilegur, að ofan í hann eru 2 holur með nokkru millibili; er önnur svo við að stíga má fæti ofan í hana, og tekur manni hér um bil í miðjan legg; hin er eigi víðari en rúmlega fyrir handlegg manns, og svo djúp, að taka mundi í mitt lær. Á Ketilbjörn að hafa staðið á stúfnum í henni en heila fætinum í hinni. Slíkt er meiri fjarstæða en svo, að nú detti nokkrum manni í hug að trúa því, þó sögninni sé haldið uppi. En tilefni til sagnarinnar má hugsa sér: Frá kletti þessum sér þann stað í ánni, sem ætla má að sé Ketilbjarnarhlaup, og áður er getið. Vildi maður nú vísa öðrum á þann stað, án þess að fara sjálfur með, þá lá nærri að vísa á þenna klett og miða við hann. Gat svo orðið úr því nokkurs konar hausavíxl. Eigi getur sagan um hvar Þórir heygði Ketilbjörn. Líklegt er að hann hafi heygt þá Ásmund báða saman. En leiði Ásmundar finst nú ekki. *Ásmundarhöðll* (nú Ásmundarhóll) er hár grjótás inn frá *Hrísahóli* (nú Hrishóli) gegnt Munaðstungu. Hann er blásinn ofan. Á austurhorni hans er dálítill lægð og er auðséð, að kastað hefir verið lausu grjóti á tvo vega frá henni fyrir löngu. Hygg eg vera mega, að hér hafi haugurinn, eða dysin, verið, og þetta sé frágangur þeirra er rofið hafa. Í fíóanum milli Hrísahóls og Hafrafells er nú að vísu kallað *Ketilbjarnarleiði*, það er aflöng klöpp með vörðubroti á. En af sögunni er að sjá, að þar nálægt hafi Már verið veginn. Er því líklegra að hann hafi verið heygdur hér, en svo víxlað nöfnum, þá má klöppin hafa verið hulin jarðvegi og skógi; nú er eigi annað eftir af leiðinu en grjótið í vörðubrotinu. — Bærinn *Másdalur* (K. 19.) er eigi til, og enginn dalur með því nafni, eða sem líklegt sé að sá bær hafi verið í. Hygg eg nafnið sé ritvilla fyrir *Naðrsdalur*, og að *Naðr* gamli hafi, eftir dauða Ásmundar, tekið til sín Óttar fóstbróður Þóris, sjálfsagt eftir ráði hans. Þá kemur það vel heim, að Þórir sendi Óttari orð, er hann var kominn austur yfir Þorskafjörð, Óttar kom þegar, og riðu svo báðir inn til Steinólfsdals. Eigi gat eg fengið vissu um, hvar bærinn *Völvustadir* í *Kambsheiði* hefir staðið. Í landnámi Steinólfs hefir *Heimlaug* ekki búið, en

þó hjá því, þar eð hann bægði henni. Má vera að *Völustaðir* hafi verið í landi jarðar þeirrar, er nú heitir *Klettur*, ef það er þá ekki sá bær sjálfur. *Vellir*, þar sem Grímur bjó, frændi Steinólfs (k. 1. og 18.), hafa án efa verið í *Steinólfsdal* (nú Bæjar-ardal). Fyrir ofan tún í Bæ heitir *Blómsturvellir*. Þar er lítil rúst, og mun hafa verið kot. En á dögum Steinólfs virðist sá staður hafa verið á túninu í Bæ, því það má hafa náð miklu lengra uppeftir, þar eð þeir Þórir börðust í *Grásteinsdæld* (nú Grásteinslág), sem er góðum spöl ofar, en voru þó komnir heim að túngarði er bardaginn hófst. Þetta getur nú verið ónákvæmni. En samt þykir mér fremur ólíklegt að Grímur hafi búið á Blómsturvöllum, sem óefað hefir verið hjáleiga. Uppi undir brekkunum spölkorn fyrir ofan Bæ eru flatir, sem heita »Vellirnir«, rennur lækur ofan um þá austanvert, og austanmegin hans sér til fornrar rústar, er líkist bæjarrúst, sem snemma hafi lagst í eyði. Hygg eg líklegra, að þar hafi *Vellir* verið. *Hergilsgrafir* (k. 18.), eru nú oftast nefndar »Grafirnar«; það eru hvosir nokkrar við Bæjará gegnt Bæ. (Þar er prentvilla í útg. 1897, bls. 45.—46: *Hergilsstaðir f. Hergilsgrafir*). Nafnið *Galtadalur* er týnt. En Galti heitir hæð nokkur inni í dalbotninum, og er daldrag hjá. Gæti það ef til vill verið Galtadalur og hæðin verið nefnd eftir honum. Þó þykir mér líklegra að Galtadalur sé daldvarf það, er verður með ánni skamt fyrir ofan ós hennar en fyrir neðan Hergilsgrafir. Enn má geta þess, að ekki heita *Ingjaldsstaðir* í Þorskaftjarðardal (sjá k. 10.), en óglögg bæjarrúst er þar sem heitir *Hergilsstaðir*. Er sennilegt að Ingjaldur hafi átt son, er heitið hafi Hergils eftir föður hans, og við hann hafi bærinn verið kendur, en söguritarinn eða heimildarmenn hans farið feðgavilt, því þá hafi bærinn verið kominn í eyði.

Hefi eg nú gert grein fyrir þeim sögustöðum Gull-Þóris sögu, sem vafasamir kunna að sýnast í fljótu bragði. Allir aðrir sögustaðir í henni koma vel heim, og er það mikill meiri hluti. Þykist eg því eigi þurfa að fjölyrða um þá. Að eins skal eg minnst á nokkra þeirra.

*Rauðsdalur* (k. 1.), heitir enn á hálsinum milli Berufjarðar og Hofstaða. Þar er nú enginn bær, en rústir litlar og óglöggvar. Þar heitir enn *Alifiskalækur* (k. 2.), spölkorni austar. — *Gunnarsstaðir* heita enn í hliðinni fyrir vestan Þorskaftjarðará, gegnt Kollabúðum. Þar hefir Völu-Gunnar búið (k. 16.). Rústin er óglögg. *Múli* í Þorskaftirði (k. 1.), heitir nú *Múlakot*. Þor-



geirsdalur (k. 2. og 17.), er milli *Múlakots* og *Hjalla*. Þar er þúfnabarð sem bærinn var. Við læk þann, er rennur úr Þorgeirsdal, er einstigið, þar er Gunnar rak nautin (k. 14), og er það á veginum milli *Múlakots* og *Hjalla*. *Vardafell* (k. 14.) heitir enn á *Hjallahálsi*; þar hefir naumast verið bygð að staðaldri. *Gullfors* (k. 24.), heitir enn í á þeirri er rennur eftir *Djúpadal*. Hann er í djúpu og þröngu gljúfri, en austanmegin er tæpur stígur, svo að einstigi má kalla. *Leikvellir* (sst.) heita inn frá gljúfrinu, og er það svo langt, að eigi kemur til mála að Þórir hafi barist þar og hlaupið þaðan í forsinn. Sagan er þar ónákvæm, en getur þó til sanns vegar færzt: Fyrirsátursmenn hafa búist um á Leikvöllum, og skemt sér þar við leiki, meðan þeir biðu Þóris, sem vel má hafa skift nokkurum dögum; en það stendur nú á sama. Þeir hafa sett njósn á hentugum stað og og því fengið að vita er sást til Þóris. Þá hafa þeir farið í móti honum og fundur þeirra orðið sunnantil í einstiginu. Þaðan var skamt að forsinum. Þannig er frá staðlegu sjónarmiði ekkert á móti því, að niðurlag sögunnar sé »ekta«, ☉: ritað eftir gömlu frumriti. Ónákvæmnin gjörir það enda sennilegra, því ef það væri tilbúningur, gjörður eftir staðlegum kunnugleik, þá hefði verið sneitt hjá slíkri ónákvæmni. Svo sagði mér Magnús bóndi Jónsson í Tjaldanesi, fróður sagnamaður, að á yngri árum hefði hann séð gamalt Gull-Þóris sögu handrit, samhljóða útgáfu Þorleifs Jónssonar. En hvað sem um það er, þá er sagan samt eigi fullkomin eins og hún nú er. Þar vantar kaflann um viðskifti Þóris við Þorgeir í Djúpadal, sem Guðbrandur Vigfússon getur um í Safni til sögu Íslands, I. 357. Þar má og vanta frásögn um ævilok Kerlingar Styrkárstöttur, sem munnmæli segja að *Kerlingará* í Djúpadal sé kend við, og hafi Þórir elt hana þar til hún steyptist þar ofan í forsinn. Fleira er það í sögunni sem bendir á að í hana vanti, eða hún hafi verið fyllri áður: Hún getur þess, (k. 17.) að Þuríður dritkinn lét gjöra sér rekkju gagnvart dyrum á Þórisstöðum; en þess hefir eigi áður verið getið, að hún flytti þangað frá Kinnarstöðum, sem þó hefir orðið að vera. Eigi er þess heldur getið, hvenær Óttarr, fóstbróðir Þóris, flutti frá Skáldstöðum að »Másdal« (eða Naðrsdal?). Menn koma fram eins og þeir væru lesendum kunnir, þó þeir hafi ekki verið nefndir áður, svo sem Árni og Blígr, fylgdarmenn Steinólfs í kap. 15. Af þessu liggur mér við ætla, að sagan, í sinni elztu mynd sem nú er til, sé útdráttur úr annari, ena eldri mynd hennar.

Samt *getur* slíkt verið að kenna ónákvæmni hjá söguritaranum og tilhneigingu til að vera stutturður. Þetta segi eg ekki til að kasta rírd á söguna. Og eigi ririr það heldur álit mitt á henni þó þær frásagnir hennar, sem í útlöndum gerast, séu nokkuð »þjóðsögulegar«. Slíks kennir í fleiri sögum, og hefir það sínar eðlilegar orsakir.

*Grettissaga* fer eigi fram á þessu svæði nema að því, að Grettir var einn vetur á Reykjahólum. Segir þar frá því er hann sótti nautið út í *Ólafseyjar* með þeim fóstbræðrum Þorgeiri og Þormóði. Sú ey, sem nautið var í, er nú vanalega nefnd *Hólaey* (s: Reykhólaey), en *Hafraklettur* er kallaður »*Latur*«, því sjómönnum þykir seigróið fram hjá honum. *Hvalshausshólmi* ber enn það nafn. Munnmæli segja, að þá er Grettir bar nautið heim, hafi gjört fjúk og hafi hann villst þangað sem *Bolaskeið* heitir nokkru fyrir vestan tún á Reykhólum. Þar hafi sendimenn Þorgils mætt honum. En eigi ber því heim við söguna, því þar verður eigi sagt, að þeir væri komnir »ofan undir Hellishóla«. Eigi hefði Grettis heldur verið leitað vestur á *Bolaskeið*, ef eigi sást til hans. Mun »*Bolaskeið*« því kennt við annan bola, en sögnin myndast af því nafni. *Grettislaug* heitir suðaustani túnbrekkunni á Reykjahólum, og er réttmæli, að Grettir kæmi »neðan frá lauginni« er Þorgeir mætti honum. *Grettislaug* hefir verið nokkuð stór og vandlega bygd úr stóru blágrýti, og er það aðfiutt. Heitt vatn rann í hana um rennu úr hver, sem þar er litlu ofar, sem stífla mátti ettir vild og láta svo vatnið bíða þess, er það var hæfilega volgt; en ekki er þar kalt vatn til að kæla með. Nú er laugin skemd: hefir átt að minka hana, líklega til þess hún væri fljótari að fyllast og að vatnið í henni væri fljóttara að kólna. Hefir verið byrjað á því og hætt við hálfgjört. Er sagt, að það hafi gjört sunnlenskur kaupmaður fyrir miðju þessarar aldar.

*Fóstbræðrasaga* hefir einnig gerzt annarstaðar að mestu leyti og um þau atriði hennar, sem gerzt hafa á þessu svæði, er söguritarinn mjög fáorður, svo þar er ekkert (hægt) um að segja. Hann getur t. a. m. ekki um viðureign þeirra fóstbræðra við Gretti. Virðist þó í upphafi sögunnar, að hann sé að gera sér far um, að láta Gretti verða lesendum kunnan, eins og hann ætli að segja meira frá honum síðar, en hafi svo annaðhvort gleymt því, eða sleppt því viljandi þegar til kom. Gæti sú verið orsök, að hann hafi ekki treyst sér til þess, að láta viðskifti Þorgeirs og Grettis taka sig svo út, að Þorgeir hefði heiðurinn.

Hinn eini atburður, sem sagan getur um á þessu svæði, er það, er þeir Þorgeir hófleysa og Eyjólfur drápu hvor annan við Garpdalsá. En ekki gefur hún þar tilefni til neinna staðlegra athugasemda.

Svo segja munnmæli vestra, að Þormóður hafi ekki skilið við Þorgeir norður á Ströndum, sem af sögunni er þó að ráða, heldur við forvaðan, sem er út með Gilsfirði fyrir utan Brekku: hafi sjór verið fallinn undir hamarinn. Þorgeir hafi hleypt á sund fyrir hann, en Þormóður horfið aftur. Þetta er ekki ósennilegt: Má hugsa sér, að Þormóði hafi ekki sýnst ráð að skilja við Þorgeir þá þegar, er hann kom orði að því að þeir reyndi með sér, heldur hafi hann raunar fylgt honum sumarið út. Um haustið hafi þeir farið af Ströndum báðir, áleiðis til Reykjahóla, og þá hafi Þormóður sætt tækifæri að skiljast við hann, er Þorgeir reið frá honum fyrir forvaðann. Hafi Þormóður svo farið vestur Brekkudal og síðan heim til föður síns. Þetta þarf ekki að koma í mótsögn við söguna, þegar þess er gætt, hve fljótt hún fer yfir. Forvaðinn er enn svo, að þurt er undir hamrinum um fjöru, en sund um flóð. Er hamarinn kallaður Drifandi, og mun það koma af því, að lækjarsitra fellur ofan af honum á einum stað og myndar fláan fors, því hamarinn er þar eigi lóðréttur. Er líklegt, að í fyrstu hafi forsinn verið kallaður Drifandi, en hamarinn haft nafn af honum og heitið Drifandahamar, en forsinn svo týnt nafninu, af því hann er svo lítill, og það verið fært yfir á hamarinn. Slíkt hefir víða átt sér stað.

---

## Viðaukar 1898.

I. *Skipapollur* heitir vatnsgrifja mikil í mýrinni fyrir norðan Staðarhól, nálægt miðri, en hún er allbreið. Frá pollinum rennur allmikill graflækur norður í ána, nálægt því sem Hvolsá og Staðarhólsá koma saman. Fellur sjór þar inn um flæði og eftir læknum alt inn í Skipapoll. Er sagt að Staðarhóls-Páll gamli hafi látið grafa, eða að minsta kosti rýmka, bæði lækinn og pollinn, leitt svo flutningaskip sín inn úr Salthólmaósi eftir læknum inn í Skipapoll, lagt þau þar og affermt, dregið síðan

farminn heim á hjarni er verraði. Líkur eru til, að þessi sögn sé á rökum byggð. Fyrst er nafnið *Skipapollur* uppkomið af einhverju slíku tilefni; svo sér og til gamallar rústar við pollinn, sem vel má hafa verið geymsluhús; og frá pollinum er keldudrag heim undir tún, svo að þar er auðsjáanlega gott dragfæri þegar hjarn er. Ísland á þá líka sinn *skipgenga skurð* grafinn eða stækkaðan, af mönnum fyrir þremur öldum! Það er eigi ómerkilegt, þó í smáum stýl sé.

II. *Inghóll*, eða eiginlega *Ingólfshóll*, heitir hóll sá á *Ingólfsfjalli*, sem alment hefir verið álitinn haugur Ingólfs. Á hann að hafa sagt fyrir að jarða sig þar. Eg vildi kynna mér þenna stað. En af því eg bjóst ekki við að geta komist þangað sjálfur bað eg Kolbein bónda Guðmundsson í Hlíð í Grafningi, sem eg vissi að hafði skoðað hólinn, að láta mig fá lýsingu af honum, og gjörði hann það góðfúslega. Svo segir í bréfi hans:

»Hóllinn er sporöskjumyndaður, flatur að ofan og liggur í norður og suður. Hann er um 55 fet á lengd og 35 fet á breidd að ofan. Á hæð er hann um 40 fet. Alstaðar hallar því nær jafnt út af honum. Mannaverk verða engin séð á hólnum nema varða á suðurenda hans, og virðist mér undirstaðan mjög forn. Efnið í hólnum er mest smágrjót, mosavaxið, þó er norðaní honum stórgrýti nokkuð. Að eins á litlum bletti uppá honum gengur járn nokkuð til muna í hann (um 1½ al. þar sem eg komst dýpst). Það var norðan til á honum miðjum, og þar var mosa-laust. Hvergi gat eg séð merki þess, að grafið hefði verið í hann. — Inghóll liggur hér um bil á miðju Ingólfsfjalli, og enginn hóll honum líkur að lögun þar nálægt. Í hólum umhverfis hann er tómmt blásið stórgrýti og klappir. Alt fyrir það er Inghóll auðsjáanlega verk náttúrunnar«.

Nú hefir mér sjálfum auðnast að koma upp á fjallið og sjá hólinn. Hefi eg mjög litlu við lýsingu Kolbeins að bæta. Það er víst, að hóllinn er verk náttúrunnar. Fjallið er af *Þursagrjót* («Breccie») en þar ofan á hefir legið þykk hella af »dóleríti«, sem Ísaldarjökullinn hefir malað burt, svo að ekki er eftir nema urðarhryggur á norðurhluta fjallsins. Standa þar sumstaðar hálfmuldar »dólerít«-klappir upp úr urðinni. Ingólfshóll er fyrir sunnan þennan urðarhrygg og að mestu laus frá honum. Er auðséð að hóllinn er samskonar klöpp, sundur möluð utan til og myndar bratta hæð, vaxna þykkum mosa. En *varðan* á hól-

um er *mannaverk*, sem ef til vill hefir í fyrstu átt að vera minnisvarði Ingólfs — öllu fremur en leiði hans? — Hún er ferskeitt, nál. í fðm. á hvern veg, en nú er hún ekki hærri en manni undir hönd. Auðséd er, að hún hefir hrunið ofan til og hrapað til norðurs, en lausagrjót er þó ekkert utan með henni. Er því líkast, að hún hafi fallið ofan í sjálfa sig, og hefir hún þá verið hol innan. Grjótið í henni er fremur stórt. Um vörðu þessa mun séra Stefán Ólafsson hafa kveðið vísuna: »Stóð af steindu smíði«, og hefir hann þá álitnið hana *leiði* Ingólfs. Nú er hún landamerkjavarða.

---

III. *Um Grettisbæli í Fagraskógarfjalli* hefir Páll Melsted, sagnfræðingur, skrifað mér (11. maí 1898), þetta sem fylgir:

»Haustið 1849 (minnir mig) var eg á ferð undir Fagraskógarfjalli, hitti mann, að nafni Pétur, frá Moldbrekku, og spurði hann um Grettisbæli. Kvaðst hann hafa gengið upp þangað og litast þar um. »Bústaður Grettis«, sagði Pétur, hefir alls eigi verið í gati því, er nú sést, það er svo lítið, það hefir ekki nóg rúm fyrir einn mann, — heldur í öðru stærra gati þar fyrir ofan, sem nú vottar fyrir, en er brotið ofan af«. Mig minnir að eg sæi vott eins og fyrir sýling eða litlu skarði efst í tindinum. En veður sverfa jafnt og þétt og eyða grjótinu. Má og vera, að Mýramenn hafi rofið þar eitthvað eða spilt, svo þar yrði ekki verandi öðrum skógarmanni. Þessi Pétur var greindur í tali, og þótti mér saga hans sennileg«.

---

IV. *Erpsbær* hefir verið nefnd tóft í túninu á Erpsstöðum í Miðdölum. Enginn hafði sagt mér frá henni fyr en Þorsteinn Erlingsson hafði séð hana og gjört uppdrátt af henni 1895. Síðan bjóst eg við, að lýsing hans á rústinni mundi koma í Árbók fornleifafélagsins. Nú, er eg sá, að það mundi ekki verða, notaði eg tækifæri, er eg kom að vestan í sumar (1898) og fór að Erpsstöðum til að skoða rústina. En »margur verður einum deginum of seinn«: Bóndinn á Erpsstöðum, Snorri Þorláksson, var þá nýlega búinn að slétta hana út, og taka úr henni alt grjótið. Til allrar hamingju hafði hann þó veitt henni nákvæma eftirtekt og sett vel á sig stærð hennar, lögun og önnur einkenni. Skýrði hann mér frá því á þessa leið: Lengd tóftarinnar frá austri til vesturs, var rúml. 26 al. innanmáls; í austurendanum var undir-

staðan gengin úr lagi, svo lengdin er ónákvæm. Breidd innanmáls 12 al. Dyr á suðurhliðvegg, litlu fyrir vestan miðju hans. Eldstæði austur frá dyrum eftir miðju gólfi, nál. 6 al. langt; annað eldstæði skamt frá vesturenda, um 2 al. langt. Á hér um bil 3 álna bili við austurendann var gólfíð upphleypt, eða með palli, sem var nál. 1 fet á hæð, en raunar var ekki hægt að ákveða hæð hans nákvæmlega.

V. *Bollatóftir* í Sælingsdal hafa menn kallað nyrztu sel-tóftirnar á Langholti, og má koma því heim við söguna. Mun og Sigurði Vigfússyni hafa verið vísað á þær, er hann rannsakaði þar 1881. En nú hefir Kjartan prófastur Helgason í Hvammi tekið eftir því, að *aðrar seltóftir*, litlum spöl utar (sunnar) á holtinu, komá *enn betur* heim við söguna: Frá þeim er brött brekka ofan með lækjar dragi, sem þar rennur í ána; og þar gagnvart, vestan áriunar, er hamarinn, sem Hamarengi hefir haft nafnt af. Tóftir þessar eru svo óglöggvar, að góða athygli þarf til að sjá þær. Þó sést, að þær eru 2 samhlíða, hér um bil 10 fðm. langar, og báðar til samans nál. 6 fðm. breiðar út yfir vegg. Hin syðri nálægt hálfu víðari en hin nyrðri. Dyr virðast hafa verið á suður hliðvegg hennar. Hin nyrðri er mjög óglögg í vestur endann, en þar mega dyr hennar hafa verið. Þessar tóftir eru svo skamt frá hinum nyrztu, að afstaðan munar litlu. Og af lýsingu S. V. gæti maður ætlað, að hann ætti við þessar tóftir, ef hann hefði eigi ætlað að Guðrún gengi til Langholtslækjar: Þar getur hann ekki meint lækjardragið. Það er mjög nærri þessum tóftum, en fyrir neðan háa brekku, svo ekki gat sést til selsins frá læknum. Hér stendur alt svo einkarvel heima. *Þetta* eru því *Bollatóftir*.

VI. Á *Bjarnarstöðum* í *Saurbæ* er rúst í túninu, sem kölluð er *hofið*. Hún er nokkurn veginn kringlótt, nál. 7 fðm. í þvermál innan. Hún er að mestu slétt innan, en sjálf girðingin er fornleg og fyrirferðarmikil. Dyr eru mót norðri. Önnur rúst er fáum föðmum austar. Hún sýnist nýlegri og virðist samsett af 3 smátóftum, er ætla má að hafi verið fénaðar kofar, enda er sú tóft ekki talin að heyra til hofsins. »Hoftóftið« er heldur stór til þess, að þak hafi verið yfir henni, nema tjaldþak hafi verið. Mun og oft hafa verið tjaldað yfir veizlusalinn: en godastúkan

hefir ávallt verið með föstu þaki. Hér vantar goðastúkutóft, ef þetta ætti að hafa verið veizlusalur; getur það því eigi verið. En aftur er girðingin heldur lítil til þess, að hofið sjálft hefði staðið inni í henni, en verið síðan sléttað út; að minsta kosti má hofið þá hafa verið mjög lítið. En þó svo hafi verið, þá lízt mér svo á, að girðingin muni, eftir að hofið var útsléttað, hafa verið notuð fyrir gjafahring (»gadd«), hafi hún nokkurn tíma verið annað.

---

VII. Á Hofstöðum í Þorskafirði er sýnd *hoftóft* í túninu norður frá bænum, það er kringlótt girðing, nál. 10 fðm. í þvermál og uppbleypt innan; þar er í miðjunni dálítil tóft, opin í vesturenda. Er að sjá sem bænahús og kirkjugarður hafi fyrir löngu verið gjör upp úr hoftóftinni, þó eigi sé þess getið.

---

VIII. *Hölluleiði* heitir einstök aflöng þúfa í túninu á Höll í Mýrasýslu. Eg fór þangað og fekk bóndann til að grafa það út. Urðu fyrir lausir steinar. En þá gjörði regnlegt, og varð hann að hætta og fara að bjarga heyi sínu. Kom þó leiðinu í samt lag áður, og lofaði að láta ekki grafa það upp, án þess að erindisreki fornleifafélagsins væri viðstaddur.

---

### Legsteinar.

Í Reykhóla kirkjugarði er legsteinn með svolátandi graflettri:

»Sepultus hic est Magn' Aretivs vir insignis et clarus qui pie in Domino obiit die 9 bris 14. ano Chi ano 1635 ætatis suæ 37. . . . Sap. 4. Just' si morte præoccupatus fuerit in refrigerio erit placens deo factus dilectus et vivens inter peccatores translatus est. — Sáler riettlatra eru í hende Drottens«.

(Í miðjunni, þar sem punktarnir eru settir, eru myndir á steininum; vængjað ljón og vængjuð kona (gyðja?)).

Í Kvinnabrekku kirkjugarði er legsteinn, brotinn í tvent; á honum er þetta:

»Moider | sal. | Margriet | Hannesdott | er | do i drottne | d.  
7. aug. | MDCCLXXIV | a 34 are | æfennar | Tex | Ps. XXX | v  
12 13«.

Í Kvinnabrekku kirkjugarði er annar legsteinn úr strendum Baulusteini, einnig brotinn í tvent. Á honum er:

»Hier hviler under S. Sigurdr Olafsson i Gude sofnadur 1643«. [Af horninu er brotið, og sér til stafs, er virðist vera E. Tölu-stafurinn 4 í ártalinu snýr öfugt].

Í sama kirkjugarði eru 3 brot úr hinum þriðja legsteini, vantar þó af honum. Það er strendur Baulusteinn. Þar sést þetta:

»Steinun Bjarnadottir . . . Christi . . . For . . .  
Bjarni Eggertsson« . . . [Ef til vill hefir steinninn verið lagður yfir dóttur séra Bjarna Eggertssonar, er hefir heitið Steinunn og dáíð ung, meðan faðir hennar var prestur á Kvinnabrekku (1835—1844)].

Á Stóra-Núpi hefir fundist legsteinn í 3 brotum, sem voru sitt á hverjum stað, utan kirkjugarðs, en falla saman, og eru með allglöggu, en þó bundnu letri, og er það þannig:

»Hier hviler Torfi Jonsson sæll i Gude sofnadr a 56 áre sins aldurs á sínu heimile og sóttar-sæng 4 juni 1646.

Sá frome mann var lögriettumaður, og hefir hans kvinna, Herdís Símons dóttir til minningar þessa töflu látið giöra«.

Í hornunum eru myndir: *maður* (af brotinn að nokkru leyti), *vængjað ljón*, *naut* og *örn*, og má ráða í nöfn guðspjallamanna undir þeim. Steinninn er íslenzkur og hefir verið vel gjörður.



# Smávegis.

Eftir

Björn Magnússon Ólsen.

II.

## Rúnasteinar.

Eins og kunnugt er, hefur hinn góðfrægi Íslandsvinur Kr. Kålund skrifað mjög fróðlega grein um íslenskar fornleifar í »Årbøger for nordisk oldkyndighed og historie« 1882 á 57.—124. bls. Hefur hann þar meðal annars safnað saman í eitt öllu því, sem menn þá vissu um íslenska rúnasteina. Á ferðum mínum um landið hef jeg haft tækifæri til að skoða ímsa af þeim rúnasteinum, sem Kålund lísir, og stöku stein, sem hann þekti ekki eða að minsta kosti vissi ekki um letur á, og skal jeg hjer skira frá þeim athugunum mínum.

1.

Í *Teigs* kirkjugarði í *Fljótsahlæð* er rúnasteinn aflangur með 6 hliðarflötum — þar af er einn flötur mjög mjór. Á tveim flötum, sem saman koma, er rúnaletur. Er annar flöturinn mjórri enn hinn ( $4\frac{1}{2}$  þuml.) og á þeim fleti birjar letrið, enn endar á breiðari fletinum ( $5\frac{1}{2}$  þuml.). Lengd steinsins er  $3\frac{1}{2}$  fet.

Letrið<sup>1</sup>.



Línurnar snúa höfðum saman á steininum, eins og hjer, og á first að lesa þá, sem hjer stendur neðar, og snúa síðan blaðinu við til að lesa efri línuna.

1) Af því að prentsmíðjan hafði ekki rúnaletur, varð að láta skera myndir af rúnaleturum og rúnastöfum í þessari ritgjörð. Þessar myndir má þó ekki skoða sem nákvæmar eftirmindir af steinum; að eins er stafagerðinni haldið nokkurn veginn.

## R á ð n i n g :

*hier : huiler : uigfu | s : magnus : son : i : gu. .*

Í enda letursins, þar sem punktarnir standa í efri línunni, hefur flaskast úr steininum, og hefur þar verið rúm fyrir svo sem tvær rúnir. Síðasta orðið í rúnaletrinu hefur eflaust verið: *guði*.

## 2.

Í bæjarkampi að *Eivindarmúla* í *Fljótshlíð* eru tveir steinar eða steinbrot hvort upp at öðru, og letur á þeim tveimur flötum sem út snúa. *Neðri steinninn* er á lengd 23 þumlungar, enn fletirnir misbreiðir, efri flöturinn (í veggnum) 4 þuml., enn hinn neðri 3<sup>1</sup>/<sub>4</sub> þuml. Letrið hefur birjað á breiðari fletinum og stendur það þar á höfði framan að sjá, enn letrið á neðri fletinum, sem er framhald af letrinu fyrir ofan, snír rjett fyrir áhorfanda, sem stendur fyrir framan vegginn. Brotið er af þeim enda steinsins, sem snír til hægri fyrir áhorfanda, þar sem letrið hefur bæði birjað og endað, og hefur við það glatast upphaf og endir letursins.

## L e t r i ð :



Stingurinn í *Ń* í efri línunni er óskír.

## R á ð n i n g :

*er : huiler : bia | rni : eirekss . .*

Firsta orðið hefur auðvitað verið: *hier*, og hið síðasta: *eireksson*.

Þar sem punktarnir standa við enda letursins í neðri línunni hefur flisjast úr steininum á móts við 2 firstu stafina í efri línunni.

Letrið á *hinum steininum*, sem *ofar* er í veggnum, gat jeg ekki ráðið, því að rúnirnar eru viltar og sumar frábrugðnar vanalegu rúnalettri. Samt er letrið skirt, og hef jeg dregið stafina upp hjá mér svo nákvæmlega sem mér var unt. Enn því miður er hjer eigi kostur á að gefa mind af hinum einkennilegu, frábrugðnu rúnum eða af letrinu í heild sinni.

Kálund minnst á steina þá í Teigi og Eivindarmúla, sem jeg hjer hef list, (sjá 103. bls. í ritgjörð Kálunds), enn hefur ekki vitað um letur á þeim.

## 3.

Kålund getur (á 110. bls.) um tvö rúnasteinsbrot í *Stafholti* í *Stafholtstungum*. Um þessi brot get jeg ekkert sagt, því að jeg man ekki til, að jeg sæi þau, þegar jeg kom að Stafholti — hef að minsta kosti ekkert skrifað um þau í minnisbók mína. Ráðning Kålund's á letrinu á firra brotinu virðist vera rjett, það sem hún nær, enn hann hefur ekki komist fram úr niðurlagi rúnanna, og virðist ljóst eftir því, sem firir liggur hjá Kålund, að hin rjetta ráðning á öllu letrinu sje:

*her huiler guðmundr ionson guð ha(ns) (sa)lu haf(i)*<sup>1</sup>.

Á hinu brotinu les Kålund:

*gautur : sigmu(ndsson),*

og mun það rjett.

Enn Kålund getur ekki um þriðja steinbrotið, sem jeg fann í Stafholts kirkjugarði. Það er 25 þumlungar á lengd, »Baulusteinn« með 5 flötum, og er letur á einum og krossmark á næsta fleti. Flöturinn, sem letrið er á, er 3 þumlungar á breidd, enn sá, sem krossmarkið er á 4 þumlungar.

Letrið:

\*ϥR : \*NII : R : H : I : M  
+ —

Á milli 7. og 8. stafs er bil, er jeg hef táknað með punkti, og hefur þar flaskast úr steininum. Á milli 12. og 13. stafs er líka bil, enn þar eru mishæðir á steininum, sem rúnameistarinn hefur hlaupið ifir, og virðist aldrei hafa stadið neitt í því bili.

Ráðning:


*her : huil(e)r : ion : ola*

Síðasta orðið hlítur að vera annaðhvort: *olafsson* eða *olason*, líklega heldur hið firra, því að *Ólafr* er almennara nafn enn *Óli*; enn hjer hefur brotnað af enda steinsins.

## 4.

Kålund getur að eins um einn rúnastein í *Norðtungu* (á 108. bls.). Þennan rúnastein hef jeg líka sjeð, og er ráðning Kålunds á letri því, sem á honum stendur, rjett. Þó þer þess að geta, að orðaskil eru á steininum táknuð með tvípunkti [:] alstaðar nema milli orðanna *pall halldors*; þar er að eins einn


1) Firir þeim stöfum, sem í svigum standa, er eiða í rúnunum.

punktur. Orðaskil (tvípunktur) eru og milli orðanna *haldors* og *son*. Rúnastafurinn *kaun* í  er stunginn (sbr. neðanmálgreinina hjá Kålund, og viðbót á bls. 124). Steinninn er sexkantaður »Baulusteinn«,  $4\frac{3}{4}$  fet á lengd með letur á 2 flötum, og er sá flöturinn, sem letrið birjar á 5 þumlungar á breidd, enn hinn 3 þumlungar.

Enn auk þess sá jeg í Norðtungu eitt lítið steinbrot með rúnum,  $13\frac{1}{2}$  þuml. á lengd og er brotið af báðum endum. Það er »Baulusteinn« með 5 flötum og letur á einum. Er sá flötur rúmlega 4 þumlungar á breidd. Hjá þessum steini lá steinbútur með krossmarki á, enn lögun hans síndi, að hann hefur aldrei verið partur af rúnasteininum.

Letur:



Af 1. rún sjest glöggð belgur af , enn meginstafurinn er brotinn af; 3. rún er óglögg. Báðar þessar rúnir hef jeg táknað með punkti<sup>1</sup>.

Ráðning:

*þo.steinn* : þ

Það sjest á þessu, að maðurinn, sem steinninn er ifir, hefur heitið Þorsteinn og föðurnafn hans birjað á Þ.


Enn sá jeg hinn þriðja stein í Norðtungu, enn á honum er villuletur, eins konar blendingur af rúnum og latinuletri, sem jeg gat ekki ráðið.

## 5.

Þegar jeg kom að *Möðruvöllum* í Hörgárdal sumarið 1893, síndi Stefán kennari Stefánsson mér brot af rúnasteini, er hann hafði nifundið við gröft í túninu norður frá kirkjugarði á gömlu kirkjugarðsstæði. Það er hraunsteinu mjög hrufóttur með letur á einum fleti. Því miður mældi jeg hann ekki.

Letur:



1) Jónas Hallgrímsson getur um þennan stein í skírslu til Finns Magnússonar, og segir að á honum standi:  (= þorsteinn: þo). Virðist steinninn því hafa skemst, síðan hann las á hann (sbr. viðbótina hjá Kålund á 124. bls.).

Á þessu broti virðist aldrei hafa verið meira letur enn þetta. Fírir neðan rúnalínuna er strík jafnhliða henni.

R á ð n i n g :

*helga*

Ekki verður nú sagt með neinni vissu, hvort þetta *helga* er kvennmannsnafn í nefnifalli eintölu, eða eignarfall eintölu af karlmannsnafninu *Helgi*. Framan af steininum virðist vera brotið, og hefur þar staðið upphaf og endir rúnanna. Líklega hefur annaðhvort staðið: (*hier huiler*) *helga* (*N.dóttir*) eða: (*hier huiler N.*) *helga* (*son eða dóttir?*).

6.

Á 113.—114. bls. ritar Kálund um rúnastein nokkurn í kirkjugarðinum á *Breiðabólstað* á *Skógarströnd*. Jeg hef ekki sjóð þennan stein, enn af því að jeg held, að letrið hafði ekki enn verið rjett ráðið, þá leifi jeg mjer í þessu sambandi að minnast á hann. Kálund tekur það fram, að letrið sje í ljóðum, og er það rjett. Það sína orðin:

*»frelsarann Jesum a truer«,*

sem standa í niðurlagi málsins með latinustöfum; þar sínir orðaröðin (*a truer*), að þetta er ekki sundurlaust mál. Enn vísa sú, sem Kálund fær út úr rúnunum, er í rauninni engin vísa. Þó þarf mjög litla breiting að gera á ráðningu hans, til þess að nokkurn veginn rjett vísa komi út. Letur þetta er talsvert flóknara, enn ella mundi, sakir þess að rúnameistarinn hefur ekki höggvið orðin á steininn í rjettri áframhaldandi röð, heldur verður að hlaupa úr einni línu í aðra til að fá rjett mál. Kálund hefur séð það rjett, að letrið birjar í 3. línu á orðunum *margret: olafs*, og að framhald þess er í firstu línu (*dotter huiler: hier. o. s. frv.*). Annars les jeg letrið alveg eins og Kálund, að því undanteknu, að jeg felli úr næstsíðustu rún í 4. línu, sem Kálund hefur bætt við og ekki virðist standa á steinum og les síðustu fjóra rúnastafina í þeirri línu **FR** (há Kálund **FR**). Síðustu rúnina **II** held jeg eigi að lesa saman við aðra línu. Kemur þá fram þetta vers:

*margret olafs dotter hvyler hier  
huer i gude sofnud er  
glod hiedan med fride fer  
frelsarann jesum a truer.*

Á ferð sinni um Ísland sumarið 1898 fann fornfræðingurinn Daniel Bruun 2 rúnasteina í Hjarðarholti í Dölum, og ljet flitja þá hingað til Reykjavíkur, og eru þeir nú í forngripasafninu. Jeg hef skoðað báða steinana þar og auk þess haft firir mjer mót, sem D. Bruun tók af þeim, og mun jeg nú lísa þeim svo nákvæmlega, sem kostur er á án minda.

## 7.

Kálund getur um það í ritgjörð sinni, að í söfnum Jóns Sigurðssonar sje mind af steini, reistum eftir Hall nokkurn Arason; segir hann, að það sjáist ekki á teikningunni, hvar steinninn sje fundinn, enn giskar á, að hann muni vera frá Hvammi í Norðurárdal. Þetta er ekki rjett, því að steinn þessi, sem Kálund á við, er einmitt annar af þeim steinum, sem D. Bruun fann í Hjarðarholti í Dölum. Það er basaltsteinn aflangur með 5 hliðarflötum, og er nú brotinn í tvent um miðjuna þvers um. Meðan steinninn var heill, hefur hann verið 136 centimeter á lengd og rúnaletur á honum til annars endans á einum fletinum, sem er 14 centimeter á breidd, og hefur letrið tekið ifir tæpan helming af lengd steinsins, enn ekkert letur á þeim helmingi rúmum, sem eftir er, þegar letrinu sleppir. Nú er sá endi steinsins, sem letrið er á, brotinn frá, og er það brotið 66 centimeter á lengd. Rúnalettrið birjar 5 centimeter frá enda steinsins, og er línan 51 centimeter á lengd og endar 10 centimeter frá þeim endanum, sem af er brotið. Rúnastafirnir ná ekki alveg út á brúnir flatarins að ofan og neðan, heldur er letrið höggvið nokkuð línuskakt eftir honum miðjum endilöngum. Á flestum íslenskum rúnasteinum takmarkast hver lína að ofan og neðan af tveimur jafnhliða rákum, sem rúnameistarinn hefur höggvið sjer til leiðbeiningar til að afmarka lengd rúnastafanna, sem þá vanalega ná úr efri rákinni niður í hina neðri. Á þessum steini eru engar slíkar rákir hvorki að ofan nje neðan við línuna, og því er línan ekki heldur alveg bein. Hitt brotið, sem ekkert letur er á, er 70 centimeter á lengd.

Letrið:

\*RNR\*NRRI\*†

Ráðning:

*herligrhallrarason*

þ. e. hér liggur hallr arason. Orðaskil hafa engin verið á steinin-

um, og er það því rangt, sem stendur í skírslu Kálunds eftir teikningunni í safni Jóns Sigurðssonar, að þrjár púnktar standi alstaðar milli orða, enn að öðru leiti hefur sá, sem gerði teikninguna, lesið rúnastafina rjett, eins og hjer að framan.

Það er mart, sem bendir til, að rúnasteinn þessi muni vera einhver hinn elsti, ef ekki hinn elsti rúnasteinn sem enn er kunnur hjer á landi. First er það, að endingin *-r* er hjer á *tveimur* stöðum táknuð með *-r*, eins og í hinum fornu handritum vorum, enn ekki með *-ur*, eins og í hinum síðari. Þar næst er atviksorðið *hér*, í níju máli *hjer*, ritað *her*, enn ekki *hier*, sem síðar varð tíðara. Enn fremur er orðmíndin *liggr* stöfuð *ligr* með einu *g*-i eins og í elstu handritum íslenskum (t. d. í hinum elsta káfla Reikjaholtsmáldaga, sem Jón Sigurðsson telur vera ritaðan um 1185). Alt þetta getur að vísu einnig komið fyrir á stöku stað í ingri handritum, enn þar sem það alt saman kemur fyrir á einum stað í svo stuttu máli, þá eru samt allar líkur til, að letur þetta sje gamalt, og eflaust frá 13. öld, ef ekki eldra. Að svo sje, stirkist enn fremur af því, að í letrinu eru engin orðaskil eða punktar milli orða eins og á öllum þorra íslenskra rúnasteina, einkum hinum ingri. Rúnaletrið á Valþjófsstaðahurðinni, sem hingað til hefur verið talið elsta rúnaletur hjer á landi, hefur orðaskil á tveim stöðum, enn annars engin(?). Enn annars eru greinileg orðaskil á langflestum íslenskum rúnasteinum, þó ekki á rúnasteininum frá Hvalsnesi (Kálund bls. 102), sem gæti verið mjög gamall.

Eina röksemd má enn bera fram því til stirkingar, að rúnasteinn þessi sé gamall, enn hún er neilegs edlis. Jeg á hjer við það, að í þessu letri er *ekki* bætt við neinni firirbæn firir hinum framliðna manni, svo sem »guð hans sál hafi«, eða »sem guð hans sál hafi«. Þeir rúnasteinar, sem slíkt kemur fyrir á, eru naumast eldri enn frá firri hluta 15. aldar. Þá fer það að tíðkast í fornskjölum íslenskum að bæta slíkum firirbænum við,

1) Á rúnasteininum frá Stafholti eftir Guðmund Jónsson, sem jeg hef getið um hjer að framan, virðast vera óregluleg orðaskil (sjá Kálund á 110. bls.) og sömu leiðis á steini á Reikjum í Skagafjarðarsíslu (Kálund 118.—119. bls.). Báðir þessir steinar virðast vera fremur ungir, Stafholtssteinninn varla eldri enn frá síðari helming 15. aldar. Enn um þessa steina er ekki víst, að á þá hafi verið lesið með nægri nákvæmni, og gæti verið að orðaskil stæðu á steinum. Á broti frá Núpsstað eru ekki heldur orðaskil (Kálund 123. bls.), enn á brotinu eru ekki nema tvö orð, svo að það er lítið að marka, enda óvist, að rjett sje lesið. Þetta brot gæti líka verið gamalt.

þegar dauðir menn eru nefndir<sup>1</sup>. A Höskuldsstaðasteininum eftir Marteín prest, sem er hinn elsti rúnasteinn, sem menn hingað til hafa getað ársétt með nokkurri vissu, stendur engin slík firirbæn, og er hann frá miðri 14. öld. Auðvitað er hæpið að ráða nokkuð af því um aldursteynsins, þó að engin slík firirbæn sje á honum, enn í sambandi við hin aldursmerkin, sem áður voru talin, er það þó ekki þíðingarlaust.

Alt virðist þannig benda til, að letur þetta sje eigi ingra enn frá 13. öld og geti jafnvel verið frá síðari hluta 12. aldar. Þá er næst að athuga, hvort vjer getum fundið nokkurn mann að nafni Hall Arason í nánd við Hjarðarholt á 13. öldinni eða seint á 12. öld. Í Sturl. <sup>1</sup>I, 195. bls. er þess getið, að Hallr Arason hafi búið á Höskuldsstöðum í Laxárdal um 1192, og að hann og sinir hans hafi hitt Sturlusonu við laug í Sælingsdal og skotið undan þjóf, sem Sturlusínir ætluðu að festa upp, og barist við Sturlusonu. Löngu síðar, á hinum efri árum Guðmundar biskups Arasonar, er þess getið, í Biskupasögum I, 600, að biskup hafi gist á Jörfa í Haukadal hjá Þóreyju húsfreyju Grímsdóttur; hún *»hafði dór mist bónda síns, er Ari hét; þau dttu þrjá sonu, Hall ok Guðmund ok Þórarín; þeir voru allir góðir bændr lengi«*. Þetta var að áliðnu sumri, enn sama haust er sagt, að Maga-Björn, maður Órækju, hafi farið ránsferð um Dali. Sturlunga getur um þessa ránsferð Bjarnar, og virðist hún hafa verið farin árið 1233 (Sturl. <sup>1</sup>II, 148. bls. <sup>2</sup>I, 319. bls.). Sá Hallr Arason, sem hjer er nefndur, getur með engu móti verið sami maðurinn og Hallr Arason á Höskuldsstöðum, sá er áður var nefndur, heldur hefur

1) T. a. m. í vottorði Jóns ábóta í Þikkvabæ o. fl. 1. okt. 1432 um löggjafir Loftis Guttormssonar, Ísl. Fornbrjefasafn IV, 516<sup>b</sup>: *»ok heyrðum yfer lesit oped bref loptz bonda gutthormssonar — gud hans sál hafe«*. Í arfskiftabrjefi eftir Björn Þorleifsson ríka 23. okt. 1467 stendur: *»biorn heitinn Þorleifsson faudr þeirra, sem gud hans sal hafi«*, og í jarðabryjefi Ólafar Loftsdóttur, konu Björns, dags. 24. júní 1469, stendur sömuleiðis: *»bondinn biorn Þorleifsson sem gud hans sal hafi«*, (Ísl. Fornbrjefasafn V, 500<sup>a</sup> og 518<sup>a</sup>). Á rúnasteininum hjá Kálund nr. 7, bls 105 (frá Húsafelli), nr. 13, bls 108 (frá Norðtungu) og, ef til vill, líka á nr. 16, bls. 109, sbr. bls. 124, (frá Hvammi í Norðurárdal), stendur líka: *»sem gud hans (þeirra) sál hafi«*. Og á Stafholtssteininum, hjá Kálund nr. 17, bls. 110 (sbr. hjer að framan undir 3. tölulið) stendur: *»gud hans salu hafi«*. Á 2 norðlenskum rúnasteinum, Kálund nr. 31 og 33, bls. 120 og 122 (frá Munkaþverá og Grenjaðarstað) stendur: *»gud friði hennar sál«*. Á Útskálasteininum, Kálund nr. 1, bls. 100 stendur: *»lese þu paternoster fyrrer sal hennar«*, og á steini frá Hallbjarnareyri, Kálund nr. 21, bls. 112: *»og bíðið firir mer«*. Enginn af þessum steinum er víst eldri enn 1400.



líklega verið sonarsonur Halls hins eldra. Halls hins ingra er oft getið í Sturlungu. Eftir Sauðafellsför Vatnsfirðinga 1229 var hann sendur norður í Hrutafjörð með öðrum manni til að segja Sturlu tíðindin, og má ráða af orðum sögunnar, að hann hafi þá átt heima í Haukadál (eflaust að Jörfa)<sup>1</sup>. Síðan var hann með Sturlu að vígi þeirra Vatnsfirðinga 1232, og má marka aldur hans af frásögn Sturlungu um þennan viðburð. Ersagt, að hann hafi mælt við Snorra Þorvaldsson: »Vit erum hér menn yngstir ok megu vit reyna með okkr ef þú vilt«. Hann hefur eftir þessu verið á aldur við Snorra, enn hann var 18 vetra, þegar þetta gerðist. Er Hallr því fæddur um 1214<sup>2</sup>. Enn er Halls getið með Sturlu Sighvatssini í Örligsstaðabardaga 1238, og er hann þar ímist nefndur Hallr Arason eða Hallr á Jörfa<sup>3</sup>. Ekki er Hallr talinn meðal þeirra manna, sem fjellu á Örligsstöðum, enn eftir þetta finn jeg hans hvergi getið, og er ekki nú unt að segja, hvenær hann hafi dáið, enn líklegt er, að hann hafi lifað talsvert fram ifir miðja öldina. Hann var á aldur við Sturlu Þórðarson lögmann, sem dó 1284<sup>4</sup>.

Aldur rúnasteinsins kemur vel heim við það, að hann sje annaðhvort settur eftir Hall eldra eða Hall ingra. Enn úr hinu er vandi að ráða, eftir hvorn þeirra hann er. Það mælist með Halli eldra, að hann bjó á Höskuldsstöðum, sem hefur vafalaust altaf átt kirkjusókn að Hjarðarholti, enn aftur á móti er líklegt, að Jörfi hafi á 13. öldinni átt kirkjusókn að Vatnshorni í Haukadál. Enn samt er það ekki óhugsandi, að Hallr á Jörfa hafi verið grafinn í Hjarðarholti, einkum ef ættfólk hans hefur verið þar jarðsett. Jeg skal láta þetta liggja á milli hluta, hvor Hallanna á steinin, þó að mjer þiki Hallr hinn eldri líklegri til þess. Enn hitt virðist vera víst, að þessi rúnasteinn er hinn elsti, sem hingað til hefur tekist að ættfæra til manna, er sögur fara af.

1) Sturl.<sup>1</sup> II, 108.—109. bls., <sup>2</sup>I, 287.—289. bls.

2) Sturl.<sup>1</sup> II, 131. og 135 bls. (sbr. um aldur Snorra 133. bls.). <sup>2</sup>I, 305. og 308.—309. bls. (sbr. 306. bls.).

3) Sturl.<sup>1</sup> II, 218. bls. <sup>2</sup>I, 373.—374. bls. »Hallr af Jörfa« er hann og nefndur í Sturl. <sup>1</sup>II, 171. bls. <sup>2</sup>I, 337. bls.

4) Í registri sínu við Sturlungu gerir Guðbrandur Vigfússon einn mann úr Halli eldra og Halli ingra, enn aftur hefur hann Hall af Jörfa sem sjerstakan mann (Sturl.<sup>2</sup> II, 434. bls. síðara dálki). Sami ruglingurinn er í registrinu við hina eldri útgáfu Sturlungu.

## 8.

Hinn steinninn, sem D. Bruun fann í Hjarðarholti er »Baulusteinn« með 4 hliðarflötum, brotinn í tvent um miðjuna. Þeg-brotin eru lögð saman, eru þau bæði 55 centimeter á lengd, og hefur þó brotnað af steininum til beggja enda og hann verið lengri áður. Hvort brotið um sig er c.  $27\frac{1}{2}$  centimeter á lengd. Breidd flatarins, sem letrið er á, 16 centimeter.

Letrið:

**BIARN:BIARN:J.**

R á ð n i n g:

*biarni* : *biarna* : *so(n)*

Orðaskil hafa hjer verið táknuð með þrípunkti, enn neðsti punkturinn við önnur orðaskil hefur flaskast úr. Á eftir síðustu rún hefur líka flaskast úr þar sem **■** hefur staðið (hjer táknað með punkti í svigum). Líklega vantar bæði framan og aftan við letrið.

Rák er hjer eiginlega ekki ofan og neðan við rúnalínuna, enn rúnameistarinn hefur, áður enn hann birjaði að höggva rúnirnar, markað sjer til leiðbeiningar með oddhvössu verkfæri línu af *punktum* með jöfnu millibili bæði að ofan og neðan, og dregið síðan rúnastafna milli þessara punkta, þannig að hver höfuðstafur endar í punkti að ofan og neðan.

---

## Yfirlit

yfir muni selda og gefna Forngripasafni Íslands,  
árið 1898.

---

(Tölurnar fremst sýna tölumerki hvers hlutar í safninu; í svigum standa nöfn þeirra, er gefið hafa safninu gripi).


---

4434. Danskur silfurpeningur frá árinu 1655.  
4435. (Hr. Skúli Sivertsen frá Hrapsey): Gömul íslensk reizla.  
Úr Hrapsey.  
4436. 5 koparmillur. Austan úr Árnassýslu.  
4437. 4 koparmillur. Austan úr Árnassýslu.  
4438. 1 koparmilla. Austan úr Árnassýslu.  
4439. 1 koparmilla. Austan úr Árnassýslu.  
4440. Lítil hlutur þríhyrndur úr látúni með glerplötu í miðju.  
Fundinn í mögröf við Eyrarbakka.  
4441. (Snæbjörn hreppstjóri Kristjánsson í Hergilsey): Lítil átt-  
strendur jaspissteinn með gati í miðju. Fundinn í dysi í  
Hyrningsstaðalandi í Reykhólasveit.  
4442. Deshús kringlótt úr silfrí, gylt.  
4443. Hempupör úr kopar. Vestan úr Þorskafríði í Barðastrand-  
arsýslu.  
4444. Leirfat, er átt hefur Páll Hjálmarson rektor á Hólum.  
4445. Beizlisstengur úr jární með koparkúlum og járnmeólum.  
Fundnar í jörðu norður í Eyjafríði.  
4446. Gamalt nælisbrot gagnskorið. Fundið í Hróarshól á Síðu í  
Skaptafellssýslu.  
4447. Krossmark úr tré. Úr Klausturhólakirkju í Árnassýslu.

4448. Kvenmynd úr tré. Úr sömu kirkju.
4449. Kvenmynd úr tré. Úr sömu kirkju.
4450. Einkenniskjöll, er átt hafa amtmennirnir Stefán Thorarensen og Bjarni skáld Thorarensen.
4451. Einkennisbrækur, úr eign Bjarna amtmanns Thorarensens.
4452. Skauttreyja úr klæði með flauelsleggingum og silfurvír.
4453. Samfella gömul úr svörtu vaðmáli, rauðbrydd, með rauðum og grænum kniplingum.
4454. Beltishnappur úr silfri með laufi og kornsettu hringvíra-virki.
4455. Belti með flauelslinda baldíruðum og silfurspennum.
4456. Skautkragi úr svörtu flaueli, baldíraður með silfurvír.
4457. Krókfaldur.
4458. Silkiklútur úr svörtu silki með marglitum borða umhverfis.
4459. Silkiklútur svartur, slitinn.
4460. Upphlutur úr svörtu vaðmáli með bryddingum, silfurborðum og 12 silfurmillum.
4461. Fótband, flosað. Norðan úr landi.
4462. (Jón konsúll Vídalín í Kaupmannahöfn): Öxi fundin í jörðu hjá Kóreksstöðum í Hjaltastaðapinghá í Norðurmúlasýslu.
4463. Koffur úr silfri, gylt.
4464. Lítil brjóstmynd úr prinsmetal af Albert Thorvaldssen.
4465. Guðný Guðmundsdóttir, ekkja á Skáldstöðum): Gamalt bókaspensl úr látúni.
4466. (Húsrú Hildur Jónsdóttir á Reykjum í Lundareykjadal): Gylt glertala, fundin nærri Efstabæ í Skorradal.
4467. (Sama): Svuntuhnappur úr sandsteini, fundinn á sömu stöðvum sem nr. 4466.
4468. (Sama): Smáöskjubrot úr tré.
- 4469-70. 2 matskeiðar úr silfri.
4471. Teskeið úr silfri.
4472. Steðji(?), fundinn 1812 nálægt Steinsholtsfjalli í Gnúpverjahreppi.
4473. Kvensöðull látúnsleginn.
- 4474-75. 2 skírnarvatnskönnur úr leir.
4476. Trédiskur. Vestan af landi.
4477. Upphlutur úr bláu klæði með rauðum bryddingum.
4478. Reiðþófi. Vestan af landi.

- 4479-80. 2 þófagjarðir með istöðum. Vestan af landi.
4481. Plógur. Vestan af landi.
4482. Grafletursfjalir.
- 4483-89. (Kapt. Daníel Bruun í Kaupmannahöfn): hundsbein, brýni, öxi, járnstykki með hamarsskalla, járnmolar, tinnubrot og hrosstennur. Fundið í dysjum vestur í Reykhólasveit.
4490. Belti með silfurspennum og flauelslinda. Úr Grímsnesi.
4491. Signet Magnúsar Ketilssonar sýslumanns.
4492. Signet Jóns Ketilssonar bróður Magnúsar.
4493. Tannbaukur úr Ormsætt (frá Oddi Ormssyni í Langey).
4494. Tvær gamlar koparhringjur. Austan úr Flóa.
4495. Tóbaksponta, örlítill, úr látúnsblendingi.
4496. (Stud. theol. Jónmundur Halldórsson): Melluláslykill úr eiri.
4497. (Skólasveinn Benedikt Sveinsson frá Húsavík): silfurpeningur enskur.
4498. (Ingólfur Kristjánsson frá Norður-Botni í Tálknafirði): Skeifa, fjórboruð, fundin í jörðu.
4499. Krossmark frá Beruneskirkju í Sudurmúlasýslu.
4500. Hökull frá sömu kirkju.
4501. Hökull frá Hofskirkju í Álftafirði.
4502. Lítill stokkur úr tré með felliloki, útskorinn.
4503. Treyjuhnappur úr prinsmetal, með verki.
4504. (Halldór Jónsson bankagjaldkeri í Reykjavík): Spánskur koparpeningur.
4505. (Sami): Rússneskur peningur úr kopar.
4506. (Sami): Ítalskur peningur úr kopar.
4507. (Sami): Örlítill ítalskur peningur úr kopar.
4508. Gamall trébiti frá Reykhólum í Barðastrandarsýslu.
4509. Garðahúfa frá Reykhólum í Barðastrandarsýslu.
4510. Gamalt rúmstæði frá Bakka í Öxnadal.
4511. Hnappur gagnskorinn, fundinn nærri Hringisdal við Arnarfjörð.
4512. Tvær silfurmillur gamlar úr búi Bjarna amtmanns Thorarensen.
4513. Stokkur úr tré með hleypiloki, útskornu með höfða letri.
4514. Brjóstnál úr silfri.
- 4515-16. Tveir hnappar, litlir, úr prinsmetal.
4517. Kertisstjaki fótlaus úr prinsmetal.
4518. Lítill hlekkur úr látúni útskorinn með höfðaletri.

4519. (Ólafur Oddson á Sámsstöðum í Fljótshlíð): Skeifa, fjórboruð, lítil, fundin í jörðu.
4520. (Jóhannes Egilsson í Þrándarholti í Eystrahreppi): Stein-snúður úr fitusteini.
4521. Stóll útskorinn. Austan úr Breiðdal í Suðurmúlasýslu.
4522. Krossmark úr tré. Frá Silfrúnarstaðakirkju í Skagafirði.
4523. Fótskór. Frá Silfrúnarstöðum.
4524. Handlína Þorbjargar Magnúsdóttur konu Páls lögmanns Vídalíns útsaumuð af Hólmfriði dóttur þeirra hjóna.
4525. (Sigurður fangavörður Jónsson í Reykjavík): Mynd af Sigurði landfógeta Thorgrímson.
4526. Skjöldur (af beizli?) kringlóttur úr prinsmetal.
4527. Altaristafla úr Berufjarðarkirkju í Suðurmúlasýslu.
4528. Ljósahjálmur úr kopar. Frá Hvammskirkju í Hvammsveit.
4529. Kaleikur og patína úr silfri. Frá Hvammskirkju.
4530. Lítil þjónustukaleikur úr silfri með tréumgerð. Frá Hvammskirkju.
4531. Gömul rúmfjöl útskorin úr tré.
4532. Silfurbelti með flauelslinda og manna- og dýra myndum.
4533. Klukka í útskornum trékassa (»Bornholmer«).
4534. Traföskjur með útskornu loki.
4535. Þrjónastokkur úr tré, útskorinn með höfðaletri.
4536. (Frú Neck í Landskrona): Ljósmynd tekin eftir mynd í Svíþjóð af próf. Finni Magnússyni ungum.



# Um myndir af gripum í Forn- gripasafninu.

Eftir

Jón Jakobsson.

---

*Ábreiða.*

(Nr. 3629.)

Ábreiða þessi er 2 ál. og 13 þuml. á lengd og 1 al. og 20 þuml. á breidd, hún er úr dökkgrænum, þéttófnum einskeftuvefnaði, öll útsaumun í blómstursaum með »allegóriskum« myndum, skrauthliðum og súlum, blöðum og blómstrum, með rauðum, grænum, gulum, ljósbláum og bleikum litum og margskonar millilitum; umhverfis ábreiðuna er breiður bekkur, allur útsaumaður með margbreytilegum blöðum og blómum, en beggja vegna við bekkinn eru saumaðar beinar randir, frábrugðnar að lit og eru í ytri röndina saumaðir smáteningar. Bekkurinn er breiðari til endanna en á hliðunum; í miðjunni að neðanverðu er í hann saumað höfuð og þar út frá til beggja hliða tvær kynjamyndir með mannsandlitum vængjaðar; í miðjan bekkinn á efri enda ábreiðunnar er einnig saumað andlit inni í milli blaða og blóma. Á jöðrunum er ábreiðan brydd með ofnu bandi, hefir það slitnað af öðrum endanum og annað verið sett í þess stað. Fyrir innan bekkinn liggja 3 reitir þvert yfir ábreiðuna með útsaumunum myndum. Í efsta reitnum til vinstri handar standa 2 myndir. Önnur þeirra er Fides (Trúin) með kross í hægri hendi og kaleik í vinstri, berhöfðuð með uppkembt hár, í skósiðum kirtli rauðbleikum með löngum ermum, gulum að framan og gullbelti um sig miðja; hún hefir rauða yfirhöfn með gulu fóðri, er hún sveipar um sig og upp um vinstri öxl og eru hér klæðafellingar mjög

vel sýndar. Hin myndin er Spes (Vonin); hún stendur við stórt atkeri og fórnar höndum; í klæðaburði líkist hún hinni, þótt litir séu með öðrum hætti. Yfir myndunum eru blaðagreininir en undir þeim nöfnin FIDES og SPES. Næst þessum myndum, í miðjum efsta reit, er fljúgandi engill í heilu líki með básúnu í hægri hendi og blásandi í hana en langa (pálmaviðar-) grein í vinstri; hann er í kirtli með stuttermum; fyrir ofan hann standa orðin: Virtútes Sectare (iðka þú dygðir). Yzt til hægri handar standa tvær myndir saman og undir þeim nöfnin: CHARITAS (Kærleikurinn) og PIETAS (Guðhræðslan); hin fyrnefnda heldur á tveim börnum, sínu á hvorum handlegg og heldur annað þeirra um háls myndarinnar, en hitt leggur hægri höndina á brjóst hennar, hin myndin heldur í annari hendi á stóru (nægta-) horni með blómum upp úr, í vinstri hendi hefir hún hjarta og er sem leggi loga af. Búningur þessara mynda er líkur hinum fytgreindu en litir og klædafellingar nokkuð frábrugðin. Miðreit ábreiðunnar er einnig þrískift; í honum miðjum er skrauthlið mikið í hringbogastíl með súlum til beggja hliða, á þeim er talsvert verk upp fyrir miðju, þar endar það í blaðakrans og eru súlurnar úr því sívalar og sléttar og fara mjókkandi eftir því sem ofar dregur; efst eru stór súluhöfuð, eigi ólík súluhöfuðum í korinþískum stíl. Yfir hliðinu eru blóm og blaðagreininir. Inni í hliðinu sér á tjöld með haglega gerðum fellingum, miðtjaldið er gult með miklu kögri en hliðartjöldin rauð, svæðið þar niður undan er alsett stjörnum. Í hliðinu standa 3 myndir: karlmaður í miðið berhöfðaður með sítt hár, í raudum kirtli hlaðbúnum að neðan og um háls og ermar, með belti um sig, hann er í knébrókum og hosum knéháum með niðurbrotnar fitjar; um sig hefir hann sveipað nokkurs konar yfirhöfn og upp um hægri öxl. Undir myndinni stendur nafnið Tobias. Honum til vinstri handar stendur kona, líkt klædd og hinar fyrnefnda, og þar undir nafnið Sara en til hægri handar við hann engill með útpöndum vængjum í skósidum kvenkirtli og öðrum stuttum yztum klæða, með belti um sig; undir myndinni stendur nafnið Raphael (Sbr. Tobiasarbók 11. og 12. kap.). Til beggja hliða við þetta skrauthlið eru önnur minni súlnahlið; í hliðinu vinstra megin á myndinni stendur kona með krosslagðar hendur á brjósti og lamb við hlið sér; undir stendur orðið MANSVETUDO (Hógværð); í hliðinu til hægri handar stendur einnig kona með lítið sveinbarn við hlið sér í gulum stakki með kringlóttri höfuðsmátt og löngum ermum, í knébrókum og hosum með uppháa skó; sveinninn heldur að sér höndum



og leggur konan hægri höndina á höfuð honum en heldur vinstri hendi undir yfirhöfnina; hún er í rauðum kirtli. Undir myndinni stendur HÚMILITAS (Auðmýkt). Í neðsta reitnum eru 5 súlur og jafnlangt í milli allra, upp úr hverri þeirra ganga blómstur og blaðagreinar, er kvíslast til beggja hliða. Yzt til vinstri handar milli tveggja súlna stendur kona í gulum, síðum kirtli og hefir sveipað um sig rauðum hjúpi niður frá mitti, í brjósti hennar stendur sverð og snúa hjöltin og meðalkafi upp, vinstri hendi heldur hún um sárið en í hægri hendi heldur hún á langri (pálmaviðar-)grein; undir myndinni stendur PATIENTIA (Þolinmæði). Í næsta súlnamillibili stendur önnur kona, hún ber hátt hægri höndina og heldur í henni á kerri, hellir hún úr því í annað ker, sem hún hefir í vinstri hendi niður með síðunni og sést bunan milli keranna, hægra megin við myndina liggur lítill bringmyndaður hlutur og á honum kúla, en vinstra megin lítill þristrendur hlutur; undir myndinni stendur TEMPERANTIA (Hófsemi). Þá er í næsta millibili kona, sem hefir sveipað um sig miðja og upp um hægri öxl rauðum dúk eða blæju, ekki hefir hún annað klæða, hægri hendinni tekur hún neðan í dúkinn, vinstri heldur hún á brjóstinu og situr þar á fugl (dúfa?), undir stendur CASTITAS (Skírlífi). Þá er loks kona yzt hægra megin á ábreiðunni í gulum skósiðum kirtli og hefir sveipað blæju um sig miðja, við hlið hennar er hár (stein-)stólpi eða súla, heldur hún um hana hægri hendinni en vinstri leggur hún á hjartað undir myndinni stendur orðið CONSTANTIA (Staðfesta).

Ábreiða þessi mun vera íslenzk að efni, lit og verki; hana hefir átt dr. Grímur Thomsen á Bessastöðum, kvað hann hana saumaða af dætrum Sæmundar prófests Kárssonar í Glaumbæ í Skagafirði, (f. 1556, d. 1638), og er hún þá hér um bil 300 ára gömul.

---

*Skrín.*

(Nr. 3612).

Skrín þetta er 12 þuml. á hæð og 13 þuml. á lengd að neðanverðu, 4½ þuml. á breidd, í laginu er það líkast húsi eða kirkju eins og skrín oft hafa verið (sbr. Worsaae: Nord. Olds. Kbh. 1859 nr. 526 og 527), þakið er hátt og afar-bratt og stendur þakskeggið mikið út, hliðarnar hallast lítið eitt inn á við, svo að skrínið er því mjórri sem nær dregur þakskeggi. Stallur eða útskot er á

neðanverðum hliðum og göflum svo hár, að hann er því nær þriðjungur af hæð skrínisins upp undir þak, hann er alsettur hliðum í hringbogastíl og súlum milli hliðanna, eru þau 12 á hvorri hlið, en eigi nema 2 á hvorum gaffli, enda er skrínið mjótt í samanburði við hæð þess og lengd; á öðrum gaffinum er brotið neðan af hliðunum og súlan milli þeirra burtu. Skrínið er gert úr beykivið og neglt með trénöglum, alt er það ófúð. Að utan hefir það alt verið lagt gyltum eirþynnum með upphleyptum myndum og blöðum, heldur gyllingin sér enn á því, sem eftir er af eirþynnunum, nema þar sem mest hefir á mætt. Víða hafa verið greyptir steinar í skrínið, en allir eru þeir nú horfnir. Á þeirri hlið þaksins, sem að manni snýr á myndinni, er enn eftir talsvert brot af eirleggingunni, í miðjunni er Kristur á krossinum, en höfuðið brotið af og hendurnar, sitt hvorum megin við hann eru þau Jóhannes og María; til beggja hliða við þessar myndir eru súlur og þar fyrir utan öðrum megin er upphleyptur baugur með vængjuðu dýri (Gryphon?) inni í baugnum, hinum megin er eigi hægt að sjá hvað verið hefir, því að þar eru eigi eftir nema litlar leifar af þeim baug, sem þar hefir verið. Um líkama Krists hefir verið sveipað blæju alt niður um kné og hangir hornið niður öðrum megin, Jóhannes og María virðast vera í kirtlum með allmiklum fellingum. Fyrir neðan þessar myndir liggur breið ræma eftir þakbrúninni með upphleyptum blaðagreinum, hafa í hana verið greyptir 3 stórir steinar, sem allir eru burtu; á þeirri hliðinni, er frá snýr á myndinni, er einungis ræman á þakbrúninni eftir af allri eirleggingunni og er hún mjög svipuð hinni, en engir hafa steinar í henni verið. Eins og sjá má á myndinni er einnig eftir eirleggingin á öðrum gaffli skrínisins ofanverðum; neðan til í hana hefir verið greiptur stór steinn. sem nú er horfinn, þar upp af gengur eins og turnspira, uppmjó með smátiglum að utan og efst á henni lítill knappur; að neðanverðu er breið lína með snúningum, en einfaldir (laufviðar-) strengir til beggja hliða. Á stallinum þeim megin á myndinni, er að snýr, er eirleggingin heil, hún er öll grafin með snúningum á súlum og bogum yfir hliðunum. Á þeim gaffli, sem öll eirlegging er af farin, má sjá farið eftir stein, sem þar hefir verið greiptur inn í legginguna á sama stað sem á hinum gaffinum. Hvergi eru leifar eftir af eirhúðinni milli þaksins að ofan og stallsins að neðan nema á horninu vinstra megin á hlið þeirri, er að snýr á myndinni, þar er eirræma, sem beygd er yfir samkeytin þar sem hlið og gaffur mætast. Skrín þetta hefir alt

verið neglt saman með trénoðglum bæði í mæni og á hornum og hvergi op á því nema neðan á miðjum botninum og hefir þar verið feld loka fyrir opið. Skrínið hefir að öllum líkindum geymt helga dóma; það er í rómönskum stíl og vart yngra en frá síðari hluta 13. aldar; það er frá Valbjófsstaðakirkju í Norð-urmúlasýslu, sama stað sem hin nafnkunna Valbjófsstaðahurð (sbr. Árbók Fornl.fél. 1885), sem einnig sýnir mynd af húsi eða kirkju með bröttu þaki í efsta reit til hægri handar.

---

*Nisti.*

(nr. 4340).

Nisti það, sem hér er sýnd mynd af, er úr bronsi og kringlótt að lögun, að þvermáli er það hér um bil  $3\frac{1}{2}$  sentimeter. Utan til á því er láréttur flötur tæplega  $\frac{1}{2}$  sm. á breidd, en fyrir innan hann hækkar það og verður kúlumyndað, upp úr miðri kúlunni stendur typpi, sem er freklega  $\frac{1}{3}$  sm. á hæð. Alt er nistið að ofan krotað langstrikum og þverstrikum, er skifta því í 8 reiti með smágötum milli reitanna, nema efst, þar er krossmynduð slétt bunga og upp úr henni gengur typpið; þetta lag á nisti er óþekt áður hér á landi, en eigi er það ólíkt efsta hluta af sylgju sem fundist hefir í Noregi (sbr. O. Rygh: Norske Oldsager Christiania 1885, nr. 639 a.). Undir nistinu er eirplata sem limfellur við nistið, neðan á hana eru negldar 2 ræmur úr sama efni, sín hvorum megin á plötunni, önnur þeirra er á 2 stöðum beygð saman og er gegn um hók þau, sem þannig myndast, rekinn eirnagli, á honum leikur nál eða þorn, sem gengur undir eyra eða hak á miðri hinni ræmunni. Neðan til á miðja nistisplötuna er enn negld ræma, lyftist hún frá plötunni og bungar upp um miðjuna og leikur þar í hringur, sem beygður er saman á misvíxl til endanna; úr honum ganga 2 festar með 5 hlekkjum í laginu sem 8 í tölu, þær eru 4 sm. hvor á lengd, neðan í þeim hangir svo þunn plata úr bronsi,  $2\frac{1}{2}$  sm. á lengd og 2 sm. á breidd að neðan, þar sem hún er breiðust; plata þessi hefir verið gylt, eins og sjálft nistið og má enn sjá allgreinilegar leifar gyllingarinnar, platan er með kroti sem líkist ormahnút og efst á henni er (bjarndýrs?) höfuð, á jöðrunum til hægri og vinstri er platan upphleypt með snúningum, en neðan til á henni eru 3 göt og í þeim 3 festar með sömu gerð og hinar en lengri (7 sm.); neðan í þessum festum hanga loks 3 bronsþynnur, aflangar, ferhyrndar og breiðari að neðan en ofan. — Nisti þetta er allmerk-

ur forngripur, því bæði hefir það geymst betur en nokkurt annað nisti, sem til er á safninu — svo vel að jafnvel nálin er allveg heil og ekkert af því farið nema gyllingin á flestum stöðum — og svo er það í laginu frábrugðið öllum þeim nistum, sem hér eru kunn. Festar þær og plötur, sem niður úr nistinu hanga, hafa bersýnilega verið festar við það til prýðis og að því er snertir bronsþynnurnar, er hanga neðan í neðri festunum, má geta þess til samanburðar, að á síðari hluta bronsaldarinnar voru líkar hengiplötur úr bronsþynnum hengdar á ýmsa húsmúzi til prýðis, svo sem hnífa, nálar o. fl. (sbr. S. Müller: Vor Oldtid Kjöbenh. 1897 bls. 351—52). Nistið er fundið fyrir fám árum í dys hjá Vaði í Skriðdal í Suðurmúlasýslu ásamt mannabeinum og fleiru, þar á meðal hornbeygðri bronsþynnu með tréflögu innan í, sem einnig er komin til safnsins en eigi verður að svo stöddu í ráðið af hverju sé.

---

### **Athugasemd við Árbók fornlfél. 1898.**

Samkvæmt góðfúslegum bendingum í Þjóðólfi, 50. ár, 56. tölubl. skal hér setja nokkrar leiðréttingar og athugasemdir við Árbók fornlfél. 1898.

Bls. 16 á ekki að standa í 15. línu »séra Gríms« heldur sæla Gríms og í 16. línu ekki 73 ári heldur 23 ári.

Bls. 20. Séra Guðmundur Magnússon vígðist ekki til Kálfatjarnar frá Kældum. Þar í milli bjó hann á Rauðnefsstöðum og Barkarstöðum. Guðmundur Erlendsson er kominn að Kældum 1784; en séra G. M. vígðist 1786.

Bls. 21. segir að Sandgil hafi eyðst til fulls 1760, og að þar hafi síðast búið Guðni Bjarnason, móðurfaðir Guðna Sigurðssonar á Geldingalæk. En Þjóðólfur tekur fram, að jarðabók Á. M., sem fyrir Rangárvallasýslu er samin 1709, telji Sandgil þá í eyði fyrir 19 árum, eða árið 1690; og síðasti bóndi þar hafi verið Guðni Brandsson, sem síðan bjó á Árbæ frá 1709 til 1729, og var faðir Sigurðar föður Guðna á Geldingalæk.

Hér er nú þess að gæta, að í fólkstali Gunnarsholtssóknar 1816 er Guðni á Geldingalæk talinn 56 ára og fæddur í Sand-

gili á Rangárvöllum. Því hefir Sandgil byggt aftur og verið byggt 1760. Og svo sagði Guðrún á Reynifelli, sem mjög er áreiðanleg, að hún mundi eftir sveitarkerlingu á Keldum, er Kristín hét, Loftsdóttir († 1843, 79 ára) og heyrði hana segja frá því, er hún hafði heyrt um Sandgils feðga, er byggt höfðu Sandgil upp aftur. Nefndi hún föðurinn Bjarna en son hans Guðna. Hafði hún heyrt þeim borið harðneskju- og óvinsældarorð. Ekki gat hún þess, að Sigurður, faðir Guðna á Geldingalæk, hefði verið í Sandgili. Þar eð nú Guðni Brandsson bjó á Árbæ 1709—1729 og ef til vill lengur, þá er svo að sjá, sem Guðni Bjarnason í Sandgili sé annar og yngri maður, og að Sigurður, sonur Guðna Brandssonar, hafi getið Guðna á Geldingalæk við dóttur Guðna Bjarnasonar. Það getur staðist, þar eð Guðni Sigurðsson var fæddur í Sandgili. Kristín Loftsdóttir hafði talið Guðna Bjarnason móðurföður Guðna Sigurðssonar. En hjónabandsbarn hefir hann þá ekki verið, því Sigurður átti aðra konu. Að svo stöddu verður þetta eigi skýrt betur.

Br. J.

---

*Aðrar leiðréttingar í Árb. fornlfél. 1898.*

Bls. 3. l. 11. Kleyfa les: Klofa.

Bls. 7. l. 15. 1884 les: 1784.

Bls. 22. l. 36. vestarlega les: austarlega.

Bls. 24. l. 21. austur les: vestur.

Áttartáknun vantar á þrjá uppdrættina, nfi. *Dingholts þingstað*, *Grænuflatarrústir* og *Á*, eða Árbæ hinn forna. Norður er til hægri handar á þeim öllum.

---

# Skýrsla.

---

## I. Aðalfundur félagsins.

Aðalfundur félagsins var haldinn 11. nóv. 1899. Formaður skýrði frá Árbók félagsins, er þá var prentuð að mestu. Gat hann þess, að svo hefði verið tilætlast, að þar kæmi ritgjörð eftir Brynjólf Jónsson um höfðaletur, sem búið er að gefa út á þýzku, en það hefði farið fyrir í þetta sinn, af því að myndir þær, er ritgjörðinni áttu að fylgja, fengust eigi í tæka tíð en hún mundi þá koma í næstu árbók. Ennfremur skýrði hann frá, að Brynjólfur Jónsson hefði í sumar farið ransóknarferð í kringum Snætellsnes og mundi skýrsla hans um þá ferð koma í næstu Árbók.

Fram var lagður endurskoðaður reikningur fyrir 1898 og höfðu engar athugasemdir verið gjörðar við hann. Formaður mintist sérstaklega með þakklæti á þær þrjár konur, er sýnt höfðu velvild sína til félagsins með því að gefa því gjafir, eins og reikningurinn ber með sér.

Samþykkt var sú uppástunga félagsstjórnarinnar, að nema burt úr félagatali nokkra menn, er í mörg ár hafa eigi greitt tillög sín til félagsins.

Því næst voru kosnir embættismenn og endurkosnir þrír fulltrúar (Björn Ólsen, Stgr. Thorsteinsson og Þórhallur Bjarnarson) og svo endurskoðunarmenn.

## II. Stjórnendur félagsins.

Formaður: Eiríkur Briem, prestaskólakennari.

Varaformaður: Pálmi Pálsson, latínuskólakennari.

Fulltrúar:	{	Björn M. Olsen dr., latínuskólastjóri.
		Hannes Þorsteinsson, ritstjóri.
		Indriði Einarsson, endurskoðari.
		Pálmi Pálsson, latínuskólakennari.
		Steingrímur Þorsteinsson, yfirkennari.
		Þórhallur Bjarnarson, forstöðumaður prestaskólans.
Skrifari:		Indriði Einarsson, endurskoðari.
Varaskrifari:		Hallgrímur Melsteð, bókavörður.
Féhirðir:		Þórhallur Bjarnarson, forstöðumaður prestaskólans.
Varaféhirðir:		Sigurður Kristjánsson, bóksali.
Endurskoð-	{	Jón Jensson, yfirdómari.
unarmenn:		Valdimar Ásmundsson, ritstjóri.

### III. Reikningur

yfir tekjur og gjöld Fornleifafélagsins 1898.

	Tekjur:	Kr.	a.
1.	Í sjóði frá fyrra ári . . . . .	1391	56
2.	Tillög og andvirði seldra Árbóka (fskj. 1) . . . . .	261	53
3.	Styrkur frá Forngripasafninu til að spyrja upp forngrípi . . . . .	90	00
4.	Styrkur úr landssjóði . . . . .	300	00
5.	Gjafir: a, Frú A Stampe Feddersen . . . . .	kr. 10	00
	b, Miss Cornelia Horsford . . . . .	— 63	50
	c, Fräul. M. Lehmann Filhés . . . . .	— 40	00
		113	50
6.	Vextir úr sparisjóði til <sup>31</sup> / <sub>12</sub> '98 . . . . .	33	67
	Samt. kr.	2190	26

	Gjöld:	Kr.	a.
1.	Kostnaður við Árbókina 1898 og fylgirit, prentun hefting og útsending, (fskj. 2 a—f) . . . . .	777	48
2.	Greitt Brynjólfi Jónssyni fyrir fornleifarannsóknir (fskj. 3) . . . . .	180	00
3.	Ýmisleg útgjöld (fskj. 4) . . . . .	13	45
4.	Í sjóði 31. desember 1898:		
	a, í sparisjóði landsbankans . . . . .	kr. 1026	63
	b, hjá féhirði . . . . .	— 192	70
		1219	33
	Samt. kr.	2190	26

Reykjavík 30. október 1899.

Þórh. Bjarnarson.

## IV. Félagar.

A. Æflangt<sup>1</sup>.

- Ásgeir Blöndal, læknir, Eyrarbakka.  
 Anderson, R. B., prófessor, Ameríku.  
 Andrés Félðsted, bóndi, Hvítárvöllum.  
 Ari Jónsson, bóndi á Pverá, Eyjaf.  
 Árni B. Thorsteinsson, r., landfógeti, Rvk.  
 Arnljótur Ólafsson, prestur, Sauðanesi.  
 Bjarni Jensson, læknir á Eskifirði.  
 Björn M. Ólsen, dr., skólastj. Rvk.  
 Bogi Melsted cand. mag., Khöfn.  
 \*Bruun, D., kapteinn í hernum, Khöfn.  
 Carpenter, W. H., próf., Columbia-háskóla Ameríku.  
 Dahlerup, Verner, c. mag., bókv. Khöfn.  
 Eggert Laxdal, verzlunarstjóri, Akureyri.  
 Eiríkur Magnússon, M. A. r., bókavörður, Cambridge.  
 \*Elmer, Reynolds, dr., Washington  
 Feddersen, A. Stampe, frú Rindumgaard pr. Ringköbing.  
 Fiske Willard, próf., Florence, Italiu.  
 Friðbjörn Steinsson, bóksali, Akureyri.  
 Gebhardt, August dr. fil., Nürnberg.  
 Goudie: Gilbert, F. S. A. Scot, Edinburgh.  
 \*Hazelius: A. R., dr. fil., r. n., Stokk-hólmi.  
 Hjörleifur Einarsson, r., próf., Undirfelli.  
 Horsford, Cornelia, miss, Cambridge, Massachusetts, U. S. A.  
 Jóhannes Böðvarsson, snikkari, Lágafelli.  
 Jón Gunnarsson, f. verzlunarstjóri í Keflavík.  
 Jón Guttormsson, f. próf. Hjarðarholti.  
 Jón Jónsson, próf., Stafafelli, Lóni.  
 Jón Vídalín, kaupmaður, Khöfn.  
 Jón Þorkelsson dr. fil, r, rektor, Rvk.  
 Kjartan Einarsson, prófastur Holti.  
 Kristján Zimsen, kaupmaður, Rvk.  
 Lárus Benidiktsson, prestur, Selárdal.  
 Löve, F. A, kaupmaður, Khöfn.  
 Magnús Andrésson, próf., Gilsbakka.  
 Magnús Stephensen, komm. af dbr. og dbm., landshöfðingi, Rvk.  
 Matthías Jochumsson, prestur, Akureyri,  
 Maurer, Konráð. dr. jur., próf., Geheimeráð, München.  
 Muller, Sophus; dr., museumsdirektör, Khöfn.  
 \*Nicolaisen, N, antikvar, Kristíaníu.  
 Ólafur Johnsen, adjunkt. Óðinsey.  
 Peacock, Bligh, esq, Sunderland.  
 Phené, dr., Lundúnum.  
 Schjöldtz cand. pharm. Óðinsey.  
 Sighvatur Árnason, alþm., Eyvindaholti.  
 Sigurður Stefánsson, prestur, Vigur.  
 Stefán Guðmundsson, verzlunarstjóri. Djúpavogi.  
 \*Storch, A. laboratoríums-forstjóri, Khöfn.  
 Styffe, B. G. (r. n.) dr. fil., Stokk-hólmi.  
 Thorhildur Þ. Holm, frú, Rvk.  
 Torfi Bjarnason, skólastjóri í Ólafsdal.  
 Wendel, F. R., verzlunarstjóri, Þingeyri.  
 Wimmer, L. F. A., dr. fil., próf., Khöfn.  
 Þorgrímur Johnsen, f. héraðsl., Rvk.  
 Þorvaldur Jónsson, héraðsl., Ísafirði.  
 Þorvaldur Thoroddsen, dr., r., Khöfn.

## B. Með árstíllagi.

- Árni Jónsson, prófastur Skútustöðum.  
 Amira, Karl v, dr., próf, München 1900<sup>1</sup>  
 Arpi, Rolf, dr. fil, Uppsölum. 97.  
 Björn Guðmundsson, múrari. Rvk 87.  
 Björn Jónsson, ritstjóri. Rvk 98.  
 Brynjólfur Jónsson, fræðimaður, Minnanúpi 99.  
 Collingwood, W. G., málari, Coniston, Lancashire. England. 99.  
 Davíð Scheving Thorsteinsson, héraðsl.

1) Stjarnan (\*) merkir heiðursfélaga.

1) Ártalið merkir að félagsmaðurinn hefur borgað tillag sitt til félagsins fyrir það ár og öll undanfarin ár, síðan hann gekk í félagið.



- læknir, Stykkishólmi. 80
- Eiríkur Briem, prestaskólakennari, Rvík 98
- Eyþór Felixson, kaupmaður, Rvík 98.
- Finnur Jónsson, dr., Khöfn 99.
- Forngripasafnið í Rvík 98.
- Geir Zoëga, dbrn., kaupmaður, Rvík 98.
- Gering, Hugo, prófessor, dr., Kiel. 96.
- Greipur Sigurðsson, bóndi, Haukadal 96.
- Guðmundur Hannesson Galtarnesi, Viðidal. 98
- Guðmundur Helgason prófastur, Reykholti, 99.
- Guðni Guðnason, læknir, Borgundarhólmi. 85.
- Gustafsson, G. A., Filos. licentiat, konservator, Bergen. 93.
- Halldór Briem kennari, Möðruvöllum. 97.
- Halldór Daniélfsson, bæjarfógeti, Rvík. 98.
- Halldór Kr. Friðriksson, r., yfirkennari, Rvík 98.
- Hallgrímur Melsted bókavörður í Rvík. 98.
- Hallgrímur Sveinsson, r., biskup, Rvík. 98.
- Hannes Þorsteinsson cand. theol. ritstj. Rvík 98.
- Harrassowitz, Ottó, bóksali, Leipzig. 95.
- Hauberg, P., r. Mureumsinspektör, Khöfn.
- Helgi Jónsson, faktor, Borgarnesi. 96
- Indriði Einarsson, endurskoðari í Rvík. 93.
- Jón Jónsson, læknir, Vopnafirði. 99.
- Jóhannes Sigfússon, kand. theol., Hafnarfirði, 87..
- Jón Borgfirðingur, f. löggæzlum., Akureyri. 96.
- Jón Jensson, landsyfirráttardómari, Rvík. 98.
- Jónas Jónasson, prestur, Hrafnagili. 93.
- Jósafat Jónasson, Reykjavík.
- Kaalund, Kr., dr. phil., Khöfn. 98.
- Kristján Jónsson, yfirráttardómari, Rvík. 98.
- Lestrarfélag Fljótshlíðar. 95.
- Lestrarfélag Austurlandeyinga. 96.
- Magnús Helgason, prestur, Torfastöðum. 97.
- Mollerup, V. dr. fil., r., Museumsdirektör, Khöfn.
- Mogk E., dr., prófessor, Leipzig. 95.
- Montelius, O., dr. fil., Am., Stokkhólmi. 95.
- Ólafur Guðmundsson, læknir, Stórólshvoli 81.
- Ólafur Ólafsson. prestur, Arnarbæli. 81.
- Ólafur Sigurðsson, dbrn. í Ási. 99.
- Páll Briem, amtmaður, Akureyri. 97.
- Páll Melsted, sögukennari, Rvík. 98.
- Pálmi Pálsson, skólakennari, Rvík. 98.
- Pétur Jónsson, blikkari, Rvík 98.
- Pétur J. Thorsteinsson, kaupmaður, Bildudal. 94.
- Rannveig Jóhannesdóttir, kaupmannsfrú, Rvík 98.
- Rygh, Olaf, dr., professor, Kristjanía. 95.
- Sigfús H. Bjarnarson, konsúll, Ísafirði. 94.
- Sigurður Briem, póstmeistari, Rvík 92.
- Sigurður Gunnarsson, prófastur, alþingismaður, Stykkishólmi. 81.
- Sigurður Kristjánsson, bóksali, Rvík. 98.
- Sigurður Ólafsson, sýslumaður, Kaldaðarnesi. 99.
- Sigurður Sigurðsson, kennari í Mýrarhúsum. 99.
- Sigurður Þórðarson, sýslumaður Arnarholti. 99.
- Staatsbibliothek í München. 95.
- Stefán Egilsson, múrari, Rvík. 84.
- Stefán Thorarensen, f. sýslum., Akureyri. 97.
- Steingrímur Johnsen, kaupmaður, Rvík. 98.
- Steingrímur Thorsteinsson, yfirkennari, Rvík 98.
- Steinordh, J. H. V., theol. + fil. dr. (r. n.), Linköping. 93.
- Sæmundur Jónsson, b., Minni-Vatnsleysu 89.
- Tamm, F., A., dr. docent, Uppsölum. 98.
- Tryggvi Gunnarsson, bankastjóri, Rvík. 98.
- Valdimar Ásmundsson, ritstjóri, Rvík. 98.
- Valdimar Briem, nr., próf., Stóranúpi. 99.
- Valtýr Guðmundsson, dr. fil., docent, Khöfn 97.
- Þóra Jónsdóttir, frú, Reykjavík. 98.

Þórður Thoroddsen, héraðslæknir, Keflavík. 80.

Þórhallur Bjarnarson, lektor. Rvík 98.

Þorleifur Jónsson, prestur, Skinnastöðum. 96.

Þorsteinn Benediktsson, prestur, Bjarnanesi. 98.

Þorsteinn Erlingsson, ritstjóri, Seyðisfirði.

Þorsteinn Jónsson, héraðslæknir. Vestmannaeyjum. 99.

Þorvaldur Jakobsson, prestur, Sauðlauksdal. 93.


Þorvaldur Jónsson, prófastur, Ísafirði 89



Rústir á Setbergshöllum.




Vatnsbrekkurústir.  
(Steinrøðarstaðir?)



Kleifardalsrústir.




Grímkelstóttir.



Uppdráttur Sælingsdals.

Tölurnar merkja:

1. Laugar. 2. Tungu.
3. Sælingsdal. 4. Innstu seiltótt. 5. Bollatóttir. 6. og 7. Seltóttir aðrar.
8. Hamarengi. 9. hamarinn.
10. Ránarvelli. 11. Oxnagróf.
12. Stakkagil. 13. Barmengi.
14. Pverá í Svinadal.
15. Seljadal. 16. Tungustapa.
17. Lambadalssá.
18. Sælingsdalsá.
19. Hafrgil (fall Kjartans).
20. Hafratinda (óglögg rúst).



Bollatóttir.

